

# Ársskýrsla 2013



# Stjórn Samtaka iðnaðarins 2013



**Guðrún Hafsteinsdóttir**  
Kjörís



**Ragnar Guðmundsson**  
Norðurál



**Svana Helen Björnsdóttir**  
formaður, Stiki



**Sigsteinn P. Grétarsson**  
Marel



**Kolbeinn Kolbeinsson,**  
varaformaður, Ístak



**Andri Þór Guðmundsson, ritari**  
Ölgerðin Egill Skallagrímsson



**Bolli Árnason**  
GT Tækni



**Vilborg Einarsdóttir**  
Mentor



**Lárus Andri Jónsson**  
Rafþjónustan

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð sex körlum og þremur konum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 13 formlegra stjórnarfundu. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en sex ár í stjórn. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.

# Ávarp formanns SI

**P**að er sterkur samhljómur í málflutningi atvinnulífsins um þessar mundir. Efst á dagskrá allra er að leysa úr læðingi vaxtakrafta efnahagslífsins til að snúa frá kreppu til verðmætasköpunar og vaxtar. Til að svo megi verða vilja SI leggja sitt af mörkum og skilaboðin á afmælisári eru skýr; drifkraftur nýrrar sóknar Íslands er fjölbreyttur, samkeppnishæfur útflutningsiðnaður.

Samtök iðnaðarins voru stofnuð á krepputíma fyrir tuttugu árum. Þó að þá hafi illa árað ríkti mikil framsýni í íslenskum iðnaði. Þannig beittu SI sér frá öndverðu fyrir grundvallargildum, svo sem að hér á landi gætu fyrirtæki búið við stöðug rekstrarskilyrði, opna samkeppni og heilbrigðan útboðsmarkað þar sem reglur væru skýrar og gegnsæjar. Þegar SI voru stofnuð litu jákvæðar kerfisbreytingar jafnframt dagsins ljós og leiddu til stórbættra starfsskilyrða fjölbreytts iðnaðar.

Nú tuttugu árum síðar eru ótal mörg tækifæri til verðmæta- og nýsköpunar í íslenskum iðnaði. Að sama skapi verður að tryggja mikilvægar forsendur svo sem að hér ríki samkeppnishæf skilyrði til jafns við samkeppnisaðila erlendis og stöðugleiki í peninga- og gjaldmiðilsmálum. Iðnaðurinn tekur því heilshugar undir hugmyndir um afnám hafta en undrast að valkostum til að leysa það vandasama mál sé fækkað vísitandi. Allir geta þó verið sammála um nauðsyn þess að auka framkvæmdir, efla nýsköpun og þróun og láta einskis ófreistað í aðgerðum sem miða að auknum stöðugleika í efnahagsumhverfinu.

Lífskjör á Íslandi verða því aðeins bætt að fjölbreyttur iðnaður njóti hagstæðra skilyrða til að vaxa. Til að svo megi verða þarf að auka verðmætasköpun og framleiðni sem leitt getur til kröftugs útflutnings iðnaðar af öllu tagi. Við skulum ekki gleyma að við höfum forsendur til þessa með sókn á sem flestum sviðum. Þannig bera SI þess merki að iðnaður á Íslandi hefur aldrei verið fjölbreyttari en um þessar mundir. Við hefðbundnar grundvallarstoðir, svo sem áliðnað, byggingastarfsemi og vél- og stálsmiði, hafa bæst greinar eins og kvikmynda- og tölvuleikjaiðnaður, ráðgjafarverkfræði, hugbúnaðargerð og heilbrigðistækni.

Í því sambandi vil ég minna á að afar mikilvægt er að menntakerfið vinni með atvinnulífinu og stuðli að því að kveikja áhuga ungs fólks á verklegum greinum, raunvísindum og tækni snemma á skólagöngu. Jafnframt verður að tryggja að ungt fólk sé vel upplýst um þau fjölbreyttu, áhugaverðu og góðu starfstækifæri sem í boði eru í íslenskum iðnaði.

Í loftinu liggur samhljómur atvinnulífsins alls um að allt annað sé óásættanlegt en að Ísland nái fyrri stöðu sem samkeppnishæft land, aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Til þess þarf að virkja jákvæða krafta og því verður hvergi á móti mælt að drifkraftur nýrrar sóknar sé iðnaður í allri sinni fjölbreyttu og skapandi mynd. Á þessum tímamótum senda Samtök iðnaðarins skýr skilaboð til samfélagsins alls: Iðnaðurinn er reiðubúinn til sóknar.





Efnahagsframvindan 2013

# Hóflegur hagvöxtur en áfram lítil fjárfesting

**Á**gætur kraftur er í efnahagslífinu um þessar mundir og hagvöxtur meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Staða einstakra atvinnugreina er hins vegar misgóð. Horfur á þessu ári eru þokkalegar en fjárfesting er sem fyrr of lítil.

Á fyrstu þremur ársfjórðungum mældist hagvöxtur 3,1% miðað við sama tíma árið 2012. Þetta er talsvert meiri hagvöxtur en almennt hafði verið búist við og tvöfalt meiri vöxtur en á sama tíma árið á undan. Þjóðarútgjöld, sem eru mælikvarði á útgjöld samfélagsins innanlands, drógust hins vegar saman um 0,5% en á móti leggur utanríkisverslunin mikið til hagvaxtarins eða 2,6%. Fyrri hluta árs bentu ýmsar spár til að nokkurt bakslag yrði í efnahagsbatanum en sú virðist ekki verða raunin. Einkaneysla og útflutningur drífa hagkerfið áfram og þá sérstaklega þjónustuútflutningur sem helst í hendur við mikinn ferðamannastraum. Þrátt fyrir ágætan vöxt í hagkerfinu er ljóst að aðstæður ólíkra atvinnugreina eru misgóðar. Útflutningsdrifnum atvinnugreinum gengur vel en þær greinar, sem einkum reiða sig á heima-markað, eiga erfiðara uppdráttar.

### Fjárfestingar of litlar þrátt fyrir hagvöxt

Þótt nokkur vöxtur sé í almennum fjárfestingum er fjárfestingarstigið sem hlutfall af landsframleiðslu enn lágt. Undanfarin ár hefur það numið um 12-13% af landsframleiðslu en þyrfti að vera nær 20% til að framleiðslugeta hagkerfisins byggist eðlilega upp. Margar ástæður liggja að baki lágu fjárfestingastigi. Mikil og hröð skuldsetning átti sér stað í íslensku atvinnulífi í aðdraganda kreppunnar en skuldirnar stökkbreyttust við fall krónunnar. Vegna þessa eru efnahagsreikningar margra fyrirtækja enn laskaðir og fjárhagslegri endurskipulagningu margra fyrirtækja er enn ekki lokið. Allt veldur þetta því að vilji og geta fyrirtækja til fjárfestinga er minni en ella væri. Nýir dómar Hæstaréttar, sem féllu um erlend lán í desember, benda þó til að úr sé að rætast. Ein skýring á lítilli fjárfestingu síðustu misserin er að óvenju hátt fjárfestingahlutfall var á árunum fyrir kreppu þegar aðgengi að lánsfé var mikið. Það getur valdið tiltekinni mettun og núverandi fjárfestingaþörf er því minni en ella. Hins vegar er sá tími, sem liðinn er með lágu fjárfestingastigi, orðinn langur og uppsöfnuð fjárfestingaþörf kann að vera myndast í mörgum fyrirtækjum. Árið 2014 eru horfur á hóflegum vexti fjárfestingar sem einna helst yrði drifinn áfram af íbúðakaupum en sá markaður er að taka nokkuð við sér eftir mjög mögum ár. Hins vegar veldur nokkrum áhyggjum að opinber fjárfesting vex lítið og ekki eru horfur á að úr rætist næstu misseri að óbreyttu.

### Bati á vinnumarkaði en óvissa með kjarasamninga

Atvinnuástand heldur áfram að batna. Atvinnuleysi mældist 4,5% á þriðja ársfjórðungi að mati Vinnuálastofnunar en 5,4% skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar sem gefur raunsæri mynd. Á einu ári hefur atvinnuleysi minnkað um

eina prósentu og um 3-4 prósentur frá því að atvinnuleysi náði hámarki. Á sama tíma fjölgaði störfum einnig og þau voru 4,3% fleiri en á sama tíma árið 2012 og hlutfall þeirra, sem eru starfandi, hækkaði um tvær prósentur. Heildarvinnustundum fjölgaði að sama skapi um 5,6%. Bati á vinnumarkaði er nokkru meiri en búist var við og helst í hendur við jákvæðari hagþróun en almennt var gert ráð fyrir á fyrri hluta árs. Þótt ástand á vinnumarkaði sé að batna nokkuð er líklegt að atvinnuleysi verði áfram mikið í sögulegu samhengi.


Kjarasamningar voru undirritaðir í lok árs og fólu í sér 2,8% hækkun launa en þó að lágmarki 8.000 kr. á mánuði fyrir dagvinnu. Enn er óvíst hvort samningarnir verða samþykktir og hvaða afleiðingar það hefur ef þeir verða felldir hluta eða öllu leyti.

### Aukinn útflutningur og sterkari króna

Vöxtur útflutnings mældist 3,9% á fyrstu þremur ársfjórðungum 2013 en þar af óx þjónustuútflutningur um 7,2% og vöruútflutningur um 2%. Á síðasta ári mældist þjónustuútflutningur um 40% af heildarútflutningi sem er óvenjuhátt hlutfall. Þetta er einkum til marks um kraftinn í ferðaþjónustu og fjölgun erlenda ferðamanna. Óverulegur vöxtur hefur verið í útflutningi iðnaðarvöru. Samhliða auknum útflutningi og krafti í ferðaþjónustu styrktist gengi krónunnar umtalsvert á seinni hluta árs en það hefur að nokkru leyti stuðlað að minnkandi verðbólgu. Almennt er búist við að minni þrýstingur verði á gengi krónunnar árið 2014 og að það geri ríkinu kleift að safna fé í óskuldsettan gjaldeyrisvaraförða.

### Vaxtahækkun í kortunum

Stýrivextir Seðlabankans voru óbreyttir allt árið en á vaxtaákvörðunarfundi bankans í desember kvað við nýjan tón. Í yfirlýsingu sinni boðar bankinn að aðhald peningastefnunnar verði aukið hraðar og fyrr en áður var áætlað. Ástæðan er annars vegar nýlega boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar um að lækka skuldir en hins vegar sú staða að batinn í hagkerfinu er meiri en búist var við. Ennfremur ítrekar bankinn varnaðarorð sín vegna yfirstandandi kjarasamninga og segir að verði launahækkanir umfram það sem samrýmist verðbólguþróun bankans muni vextir að óbreyttu hækka í kjölfarið. Verðbólga mælist nú 3,7% en verðbólguþróun á næstunni er nokkuð óljós. Helstu óvissuþættir varðandi þá þróun eru niðurstöður kjarasamninga, aðhald í opinberum fjármálum og áhrif skuldaleiðréttingar á verðlag og neyslu.



Fundir og ráðstefnur 2013

# Viðfangsefnin spanna breitt svið

**S**amtök iðnaðarins efndu til fjölda opinna funda og ráðstefna á liðnu starfsári. Viðfangsefni þeirra eru margvísleg og spanna breitt svið. Samtökin tóku einnig þátt í ýmsum fundum og viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

### Menntadagur iðnaðarins

Fjöldmenni var á Menntadegi iðnaðarins sem fór fram á Grand Hótel Reykjavík í janúar. Yfirskrift málþingsins var Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni. Á þinginu var rætt um leiðir til að auka áhuga nemenda á raunvísindum og tækni og aðgerðáætlunin GERT kynnt og kynnt ný könnun um þörf atvinnulífsins fyrir menntað starfsfólk.

Þá undirrituðu Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningar- málaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins samning um framhald GERT verkefnisins.

### Hjúpur bygginga

Hjúpur bygginga, málþing um útveggi, glugga, hurðir og þök, var haldið 25. janúar. Þingið var haldið í samstarfi SI og fjölmargra annara hagsmunaaðila.

### Fjöldmenni á UTmessu 2013

Um fimm þúsund manns sóttu opið hús UT messunnar í febrúar. Yfir 700 manns voru á ráðstefnu UTmessunnar. Tilgangur UTmessunnar, sem er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum, er að sýna almenningi hversu stór og umfangsmikil sú grein er orðin hér á landi en öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins taka þátt í henni með einum eða öðrum hætti. Í boði voru tugir áhugaverðra fyrirlestra, sýning, keppnir og kennsla auk þess sem UT verðlaun Ský voru afhent. Skýrslutæknifélagið stendur að UT messunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Microsoft Íslandi og Samtök iðnaðarins.

### Tækni- og hugverkþing

Tækni- og hugverkþing fór fram í fimmta sinn í Salnum, Kópavogi í febrúar. Þar kynntu sex stjórnmalaflokkar tillögur sínar að umbótum á starfsumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja. Samstaða var um skattalega hvata til að efla vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðgerðáætlun um eflingu verk- og tæknináms. Að loknum framsöguerindum gáfu þátttakendur hverri tillögu einkunn. Mjött var á munum milli þeirra tillagna sem hæsta einkunn hlutu en svo fór að tillögur Samfylkingar röðuðu sér í þrjú efstu sætin, Framsóknarflokkurinn í næstu þrjú og tillaga Bjartrar framtíðar í það sjöunda.

### Útboðsþing 2013

Árlegt útboðsþing SI um verklegar framkvæmdir var haldið í byrjun mars. Þingið var fjöldmennt að vanda en kynntar voru opinberar verklegar framkvæmdir að fjárhæð 52 milljarðar króna. Að útboðsþinginu standa SI, Mannvirki og Félag vinnuvélaeigenda.

### Málm- og véltækni iðnaður – skapandi iðngrein

Samtök málm- og véltækniyrirtækja – MÁLMUR – ásamt Samtökum iðnaðarins gengust fyrir ráðstefnu í febrúar. Þar var greint var frá helstu viðfangsefnum innan greinarinnar og nýmótaðri stefnu sem unnið verður eftir næstu fimm árin og miðar að því efla íslenskan málm iðnað til enn stærri átaka og meiri samkeppni á alþjóðamarkaði.

### Iðnþing SI – Mörkum stefnuna

Yfir 300 manns sóttu Iðnþing Samtaka iðnaðarins þar sem fjallað var um efnahagsleg tækifæri og ógnir sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu árum. Þrjú erlendir sérfræðingar á ólíkum sviðum, Brad Burnham, fjárfestir hjá Union Square Ventures í New York, Matthias Krämer, framkvæmdastjóri sviðs lítilla og meðalstórra fyrirtækja hjá BDI og Dr. Laurence C. Smith, prófessor í jarð- og geimvísindum við UCLA, deildu með gestum sýn sinni á þróun í nýtingu auðlinda og lýðfræði á norðurslóðum, tækni- og löggjöf á Vesturlöndum og fjármál og iðnþróun Evrópu.

Að loknum erindum tóku formenn fimm stjórnmalaflokka þátt í pallborðsumræðum. Aðalfundur SI var að vanda haldinn að morgni sama dags.

### Hver eru umhverfisáhrif íslensks matvæla iðnaðar?

Matís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskóli Íslands og Samtök iðnaðarins héldu opið málþing um íslenskan matvæla iðnað, umhverfismál og vistvæna nýsköpun í apríl. Þar var fjallað um græna hagkerfið og stefnu stjórnvalda í þeim málum, sagt frá Evrópuverkefnunum Ecotrofoods og Converge og hvernig staðið er að því að minnka umhverfisáhrif í matvæla iðnaði á Íslandi. Þá var efnt til sýningar og kynningar á verkefnum nemenda í vistvænni nýsköpun matvæla og afhent verðlaun fyrir besta verkefnið.

### Lean Ísland 2013

Ráðstefnan var haldin í maí með góðum árangri og mikilli þátttöku. Mikið úrval erlendra og innlendra Lean sérfræðinga var á ráðstefnunni og í boði voru tvær fyrirlestrabrotir þar sem áherslan var á Lean stjórnun, hugsun og menningu. SI voru meðal styrktaraðila ráðstefunnar.

### Ráðgjafaráráðsfundur SI

Samtök iðnaðarins héldu fund með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnnum aðildarfélaga sinna í maí þar sem fjallað var um áherslur iðnaðarins í komandi kjarasamningum. Á fundinum kynnti ný forysta Samtaka atvinnulífsins stefnu SA og kjarasamningana framundan. Framsögu flutti Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA og sat fyrir svörum ásamt Björgólfi Jóhannssyni, formanni SA. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, stýrði umræðum.

### Vinnustofa um tækifæri á norðurslóðum

Augu íslensks atvinnulífs beinast í auknum mæli að tækifærum á norðurslóðum, m.a. tengdum auðlindum og

uppbyggingu mannvirkja. Horfur eru á að olíuleit hefjist innan tíðar norðan við Ísland og vaxandi umsvif eru við austurströnd Grænlands. Margvísleg flutningastarfsemi, ferðamennska og sérhæfð þjónusta á norðurslóðum hafa þegar færst í aukana og standa líkur til þess að þróunin hafi mikil áhrif á íslenskan iðnað þegar fram í sækir. Samtök iðnaðarins boðuðu til vinnustofu um viðskiptatækifæri á norðurslóðum í lok maí. Til fundarins var m.a. boðið fulltrúum áhugasamra fyrirtækja, opinberra aðila, háskólasamfélagsins og rannsóknarstofnanna.

### 13AI+ Tækifæri sem felast í álframleiðslu á Íslandi

Á ráðstefnunni 13AI+, sem haldin var í Arion Banka í ágúst, var litið til núverandi stöðu og framtíðarhorfa varðandi framleiðslu á áli hér á landi. Ráðstefnan var lokahnykkur álverkefnisins 13AI+ sem er norrænt og þverfaglegt samstarfsverkefni íslenskra hönnuða og sænskra álframleiðslufyrirtækja. Verkefnið hófst 2012.

### Tækifæri í tækni- og hugverkafyrirtækjum

Fulltrúar Samtaka iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangs áttu fund í september með forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Tilgangur fundarins var að kynna HSV sem öflugan samstarfsvettvang, framtíðarsýn tækni- og hugverkagreina, verkefni tengd framtíðarsýninni, stöðu greinarinnar, farsæla uppbyggingu og tækifæri tækni- og hugverkafyrirtækja.

### Upplýsingafundur um hættuleg efni

Löggjöf um efnavörur hefur breyst mikið undanfarin ár. Aðferðafræði við hættumat efna hefur verið umturnað og nú er ábyrgð á áhættumati á hendi framleiðenda og innflytjenda en ekki stjórnvalda eins og áður var. Á fundi Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Umhverfisstofnunar í september var rætt um upplýsingagjöf um efnavörur og skyldur þeirra sem framleiða, flytja inn eða selja efni.

### Málstofa líftæknifyrirtækja

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtök iðnaðarins efndu til málstofu um líftækni í október á Grand Hótel Reykjavík. Á annan tug líftæknifyrirtækja kynntu rannsóknir sínar og starfsemi. Það einkennir líftækni að rannsóknir og þróun taka langan tíma. Fyrirtækin, sem kynntu starfsemi sína eiga mörg hver áratuga langa sögu um rannsóknarstarf og eiga gjarnan rætur í háskólaumhverfi. Góð skilyrði fyrir líftæknifyrirtækni eru því samtvinnuð skilyrðum til rannsókna í lífvísindum og tækniþróun. Aukin áhersla á frumkvöðlaþjálfun á háskólastigi og tenging háskóla við atvinnulíf getur auðveldað ungum vísindamönnum að ná fótfestu í atvinnulífinu.

### Margs konar miðlun

SI ásamt IÐUNNI fræðslusetri stóðu að ráðstefnunni Margs konar miðlun á Grand Hótel Reykjavík. Þrír sérfræðingar

fluttu erindi um fjölbreyttar leiðir til miðlunar.

Kazuyoshi Suga hjá Communication Factory Pte Ltd. fjallaði um hvernig nota má samfélagsmiðla til að ná til viðskiptavina og miðla skilaboðum með góðum árangri. Ingi Rafn Ólafsson – sviðsstjóri prenttækni sviðs IÐUNNAR fjallaði um prentmiðlun og hvaða aðferðir væru vænlegar til árangurs á því sviði. M.J. Anderson hjá Trekk fjallaði um hugtakið margmiðlun og gerði grein fyrir hvernig miðla á efni með margs konar hætti þannig að eftir því sé tekið.

### Litla Ísland – Smáþing og stefnumót

Á Smáþingi í október var stofnaður nýr vettvangur fyrir lítillit og meðalstór fyrirtæki hér á landi undir merkjum Litla Íslands. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök stóðu að þinginu þar sem fjöldi frumkvöðla og fyrirlésara steig á stókk.

Í nóvember var síðan efnt til stefnumóts til að fylgja eftir Smáþingi. Um opinn vinnufund var að ræða þar sem ræddar voru helstu áherslur og markmið í starfi Litla Íslands. Meðal þess sem hæst bar var að halda á loft mikilvægi lítilla fyrirtækja, skapa virkan vettvang fyrir þau til að tengjast og læra hvert af öðru, minnka reglubyrði og einfalda skattkerfið.

### Raki og mygla í byggingum – heilsa, hollusta, aðgerðir

Fjölmenni sótti málþing um myglu og rakaskemmdir í byggingum en það var haldið á Akureyri í nóvember. Flutt voru mörg fróðleg erindi og fjórugar umræður urðu í pallborðsumræðum.

### SME Week 2013

Ráðstefna í tilefni af evrópsku fyrirtækjavikunni var haldin í lok nóvember undir yfirskriftinni Viltu vaxa? Fjórar málstofur fjölluðu um útflutning, tengslamyndun, fjármögnun og rannsóknir og nýsköpun. Vöxtur í víðum skilningi var því þemað að þessu sinni og málstofugestir voru á einu máli um að ekki væri nóg að einblína á vaxta- og veltutölur fyrirtækjanna enda væri persónulegur vöxtur og velferð sjálfra frumkvöðla ekki síður mikilvægur þáttur í allri sköpun. Framkvæmdaraðilar vikunnar eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Íslandsstofa, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

### Seed Forum Iceland - Sprotaping Íslands

Seed Forum Iceland ráðstefnan var haldin í nóvember í Arion banka. Ráðstefnan er vettvangur sprotafyrirtækja til að kynna sig fjárfestum. Sprotaping Íslands rekur Seed Forum Iceland en SI eiga aðild að því.

### Græn tækni - Sóknarfæri

Fundur um verkefnið Kortlagningu á grænni tækni og sóknarfærum var haldinn á Grand Hótel Reykjavík í desember. Á fundinum voru niðurstöður kynntar og rætt um áskoranir og verkefni framundan. Að verkefninu stóðu SI og Íslandsstofa.



## Morgunfundir Tækni- og hugverkagreina

Tækni- og hugverkaiðnaður innan SI stóð fyrir röð morgunverðarfunda um málefni greinarinnar. Fundirnir hafa reynt vera góður vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast og fara yfir tiltekin mál sem höfða til breiðs hóps félagsmanna úr tæknisamtökunum. Meðal umfjöllunarefna var fjármögnunarmhverfi sprotafyrirtækja, endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar, markaðsmál og skortur á hæfu starfsfólki.

## Breytingar hjá Samtökum iðnaðarins



**Orri Hauksson** lét af starfi framkvæmdastjóra á árinu, var starfandi framkvæmdastjóri frá ágúst 2010 og þar til hann tók við stöðu forstjóra Skipta í október. Orra eru þökkuð góð störf í þágu iðnaðarins.



**Krístrún Heimisdóttir** tók við sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hún er mörgum kunn innan SI síðan hún var lögfræðingur þeirra í nærri fimm ár frá 2001 til 2006.



**Ingólfur Sverrisson** forstöðumaður málm- og véltæknisviðs lét af störfum hjá SI eftir langan og farsælan starfsferil. Ingólfur tók við starfi framkvæmdastjóra Meistarafélags járníðnaðarmanna, síðar MÁLMS og Félags blikksmiðjueigenda árið 1981. Hann réðist til SI þegar félögin gerðu þjónustusamninga við Samtökin árið 1994. Samtök iðnaðarins þakka Ingólfi vel unnin störf í þágu iðnaðarins og óska honum velfarnaðar. Við störfum Ingólfs tók Árni Jóhannsson, forstöðumaður Mannvirkjasviðs SI.

# Stjórnarkjör SI

Að venju fór stjórnarkjör fram á aðalfundi. Kjörið fór fram með netkosningu og úrslit kynnt á Iðnþingi. Vægi félagsmanna tekur mið af félagsgjöldum. Kosningaþátttaka var rúm 80%. Svana Helen Björnsdóttir var endurkjörin formaður Samtakanna. Í stjórnina voru endurkjörin þau Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni, Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís og Kolbeinn Kolbeinsson, Ístaki. Nýr í stjórn er Ragnar Guðmundsson, Norðuráli en úr stjórn gekk Tómas Már Sigurðsson eftir 6 ára stjórnarsetu. Fyrir í stjórn Samtakanna voru Bolli Árnason, GT Tækni, Lárus Jónsson, fulltrú SART skv. bráðabirgðaákvæði til tveggja ára, Sigsteinn P. Grétarsson, Marel og Vilborg Einarsdóttir, Mentor.

## Ráðgjafaráð

Þeir tveir, sem næstir voru því að ná kjöri til stjórnar, tóku sæti í ráðgjafaráði SI til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn. Þeir eru Halldór Einarsson, Henson og Jón Gunnar Jónsson, Actavis.

Stjórn SI skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Kolbeinn Kolbeinsson er varaformaður og Andri Þór Guðmundsson ritari.



Svana Helen Björnsdóttir endurkjörin formaður



Andri Þór Guðmundsson endurkjörinn



Guðrún Hafsteinsdóttir endurkjörin



Kolbeinn Kolbeinsson endurkjörinn



Ragnar Guðmundsson nýr í stjórn



# Ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum efnum. Í því felst að fyrirtækið getur leitað til lögfræðings SI um leið og slíkt vandamál kemur upp. Þar er það greint og leyst ef unnt er en að öðrum kosti gefin góð ráð um næstu skref, t.d. kærur fyrir stjórnarsýslunefndum eða málsókn fyrir dómstólum.

Þegar tilefni er til að höfða dómsmál gegn lögaðilum, annaðhvort opinberum aðilum eða einkaaðilum, og málfefnið hefur sérstaka almenna þýðingu fyrir viðkomandi iðngrein eða á viðkomandi markaði, tekur stjórn SI ákvörðun um aðild SI að málarekstrinum eða fjárstuðning við þann sem á í málarekstrinum.

## Gengistrygging fjármögnunarleigusamninga Landsbankans ólögæt skv. dómi Hæstaréttar

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í desember að gengistrygging fjárhæða í lánssamningi sem Flugastraur ehf. gerði við SP-Fjármögnun um kaup á dráttarvél hafi verið ólögæt. Samningurinn var gerður árið 2006. SI studdu Flugastraur við rekstur málsins.

Í samningnum var kveðið á um gengistryggingu fjárhæða. Slík gengistrygging telst vera ólögæt ef um er að ræða lánssamning en lögmæt ef um er að ræða leigusamning, enda banna vaxtalög ekki gengistryggingu í leigusamningum. Í málinu var deilt um hvort samningurinn væri fjármögnunarleigusamningur eða lánssamningur og hvort gengistryggingin teldist af þeim sökum lögmæt eða ólögæt.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að samningurinn sé lánssamningur og að gengistrygging fjárhæða væri því ólögæt. Dómurinn er samhljóða dómi Hæstaréttar frá 20. október 2011 þegar samningar Íslandsbanka voru dæmdir ólöglegir. Vafaatriði varðandi vaxtaútreikning ólöglegra lána hafa tafið fyrir lokauppgjöri við lántakendur.

Samtök iðnaðarins hafa krafist þess að fyrirtæki á fjármála-markaði virði niðurstöður dómstóla og leiðrétti þegar í stað þúsundir ólöglegra fjármögnunarleigusamninga.

## Mál Suðurverks og Ölgerðarinnar gegn Lýsingu áfrýjað til Hæstaréttar

SI reka tvö prófmál f. h. félagsmanna sinna, Ölgerðarinnar og Suðurverks, gegn Lýsingu. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu á haustmánuðum að fjármögnunarleigusamningar Lýsingar væru ekki kaupleigusamningar og því væri gengistrygging þeirra ekki ólögleg. Dómarnir eru ekki í samræmi við fyrri dóma um ólögætti gengistryggðra

fjármögnunarleigusamninga Íslandsbanka og Landsbankans.

Í báðum þessum málum þótti sannað að samið hafi verið um að fyrirtækin myndu eignast tæki í lok samningstíma gegn ákveðinni greiðslu. Þrátt fyrir það var það mat dómara að samningarnar væru ekki kaupleigusamningar og því væri gengistrygging þeirra ekki ólögleg. Að mati SI stangast niðurstöður héraðsdóms í þessum málum á við niðurstöður Hæstaréttar varðandi fjármögnunarleigusamninga Íslandsbanka og Landsbankans. Dómum þessum hefur verið áfrýjað og má búast við niðurstöðu Hæstaréttar í báðum málum fyrir hluta árs 2014.

## Talning íbúða

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs 2013 og aftur í lok árs. Í seinni talningu kom í ljós að fokheldar og lengra komnar íbúðir eru einungis 927 en það er óveruleg breyting frá fyrri talningu. Þó mátti greina jákvæð teikn á lofti en mörg mannvirki, sem staðið hafa auð og ókláruð frá hrúni, eru komin í notkun og talsvert er um nýframkvæmdir þótt enn séu þær langt undir þörf.

### Áætlað er að byrja þurfi að byggja á 1500 – 1800 íbúðir árlega til að mæta þörfum markaðarins.

Líta verður til þess að það tekur 18-24 mánuði að framleiða íbúðarhúsnæði í fjölbýlishúsi. Lóðaverð er enn of hátt og framleiðslukostnaður íbúðarhúsnæðis hefur aukist vegna hækkunar á efniskostnaði og aukinna krafna í nýrri byggingareglugerð.

Að mati SI er þörfin á húsnæði mest hjá hinum svokölluðu „fyrstu íbúða kaupendum“. Sá hópur þarf að geta valið um ýmsar gerðir húsnæðis, t.d. ódýrt húsnæði án bílakjallara. Þá þarf að horfa til þess að þessi hópur kaupenda á í erfiðleikum með að fjármagna 20% af íbúðaverði og bregðast verður við því með einhverju hætti.

# Samstarfsverkefni

## Framhald samkomulags um eflingu grunnmenntunar í raunvísindum og tækni staðfest á Menntadegi iðnaðarins

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins undirrituðu samning um framhald GERT-verkefnisins á Menntadegi iðnaðarins í janúar. Þá var gengið frá ráðningu verkefnisstjóra og skipaður samvinnuvettvangur.

## Greining á þörf almenns starfsfólks í matvælaíðnaði fyrir starfsmenntun

Samtök iðnaðarins, Starfsgreinasamband Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stóðu saman að verkefni sem miðaði að því að greina þörf almenns starfsfólks í matvælaíðnaði fyrir starfsmenntun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti verkefnið. Markmið þess var að kortleggja samsetningu hópsins og þarfir hans fyrir fræðslu auk þess að afla upplýsinga um núverandi stöðu fræðslumála og þarfir fyrirtækjanna. Upplýsinga frá fyrirtækjum var aflað með svokölluðu fjarumræðuborði á netinu og frá starfsmönnum með spurningalista. Í kjölfar gagnaöflunar var kallaður saman hópur almennra starfsmanna og stjórnenda úr matvælafyrirtækjum til að skilgreina almenn störf í matvælafyrirtækjum og hvaða þekkingu og færni starfsfólk þarf að búa yfir til að bregðast við síauknum kröfum sem gerðar eru til fyrirtækja til að tryggja öryggi og gæði matvæla. Einnig þarf að tryggja öryggi starfsfólks í umgengni og snertingu við framleiðsluafurðir og tækjabúnað.

## Jafningjafræðsla - háskólanemar kynna verk- og tækninám

Actavis, Íslandsbanki, Nýherji, Síminn, Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík tóku á liðnum vetri höndum saman í baráttunni til að auka áhuga ungmenna á verk- og tækninámi og fengu til liðs við sig 20 öfluga nemendur beggja háskóla til að fara í framhaldsskóla landsins með kynningu undir heitinu Tækniáhugi.

## Útflutningsverkefni

Íslandsstofa stendur fyrir útflutningsverkefninu ÚH í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarsjóð og Félag kvenna í atvinnulífinu.

Útflutningsverkefnið er sérsniðið að þörfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum sem vilja vinna og þróa viðskiptahugmynd og ná fótfestu fyrir vöru eða þjónustu á erlendum markaði. Þátttakendur fá aðstoð til að gera raunhæfar áætlanir og hver og einn er búinn undir að hringa viðskiptahugmynd sinni í framkvæmd.

## Viljayfirlýsing um samstarf

Mannvirkjastofnun og Samtök iðnaðarins gerðu með sér samkomulag um nánara samstarf og samráð í byrjun október. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, skrifuðu undir viljayfirlýsinguna.

Í samstarfinu felst meðal annars samstarf um gerð tillagna að breytingum á byggingareglugerð, skipulag og framkvæmd málþinga, þróun leiðbeiningarblaða Mannvirkjastofnunar og viðskipti með byggingarvörur.



Samtök iðnaðarins voru stofnuð 24. september 1993 þegar sameinuð voru sex helstu samtök iðnaðar, Félag íslenskra iðnrekenda, Landsamband iðnaðarmanna, Félag íslenska prentiðnaðarins, Verktakasamband Íslands, Samband málm- og skipasmiðja og Meistara- og verktakasamband byggingamanna. Þau tóku síðan formlega til starfa um áramótin. Höfuðmarkmið hinna nýju samtaka var að auka áhrif iðnaðar í þjóðfélaginu, vinna að bættum starfskilyrðum, hvetja til hagkvæmni í rekstri og leggja áherslu á markvissa vöruþróun, markaðsstarfsemi og menntamál.

Innan Samtaka iðnaðarins eru nú um 1.300 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Þessi fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt þar sem lögð er áhersla á það sem er sameiginlegt en um leið hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánú samráði við fyrirtækin sjálf. Byggt er á markvissri stefnumótunarvinnu starfsgreinahópa og félaga. Þjónusta við félagsmenn er annars vegar við einstök fyrirtæki og starfsgreinahópa en hins vegar þverfagleg, s.s. í gæðamálum, menntamálum og markaðs- og kynningarmálum.



# Áhersla SI í menntamálum

**M**enntamál eru það málefni sem brenna hvað mest á fyrirtækjum innan SI. Mörg fyrirtæki sjá fram á skort á sérhæfðu verk- og tæknifólki auk þess sem oft er erfitt að fá ófaglært fólk til starfa í ýmsum framleiðslugreinum. Nýliðun í tilteknum greinum verður framtíðarvandi atvinnurekenda. Í starfsemi SI hefur vaxandi áhersla verið lögð á menntamál til að stuðla að bættu aðgengi fyrirtækja að hæfum starfskrafti.

Megináhersla Samtakanna í menntamálum er að:

- Vera leiðandi í þróun/innleiðingu framtíðarspáa um þarfir atvinnulífs og samfélags fyrir hæfni og þekkingu fólks á vinnumarkaði
- Stuðla að virku samstarfi við ráðuneyti menntamála og skólakerfisins í heild sinni (þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðsluna)
- Tryggja áhrif og aðkomu iðnaðarins að stefnumarkandi menntamálum
- Auka áhuga á menntun í iðn-, verk- og tæknigreinum

## Helstu verkefni:

### GERT - Grunnmenntun eflid

Vorið 2012 fengu SI menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga til liðs við sig til að efla raunvísindi og tæknimenntun í víðum skilningi í grunnskólum landsins. Unnin var bakgrunnsskýrsla þar sem staða íslenskra nemenda var borin saman við framtíðarþörf í samfélaginu og samin aðgerðaráætlun sem tók mið af niðurstöðum skýrslunnar. Í febrúar var verkefnisstjóri ráðinn til eins árs til að móta samstarf skóla og fyrirtækja. Vinna við þriðja hluta verkefnisins hefst 2014 og þá verður verkefnið breikkað og beint að framhaldsskólunum. Markmiðið er að brúa bilið milli núverandi stöðu og framtíðarþarfa nemenda og vinnumarkaðar. Leiðin að því er að auka þekkingu, áhuga, árangur og námstækifæri grunn- og framhaldsskólanema á sviði raunvísinda og tækni.

## Menntadagur iðnaðarins

Árleg ráðstefna SI um menntamál var helguð kynningu og umræðu um GERT verkefnið. Markmiðið er að vekja athygli þeirra, sem fást við menntatengd mál, á þörfum atvinnulífsins.

## UTmessan

UT messunni er ætlað að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækni og áhrifum hennar á fólk, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Að UT messunni stendur Ský í samstarfi við HR, HÍ, Microsoft Íslandi og SI. Markmiðið er að standa að áhugaverðri fagráðstefnu, skila marktækri fjölgun nemenda sem velja tæknigreinar á háskólastigi og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs.

## Verkið

Samtökin voru stofnuð til að halda utan um keppni í iðn- og verkgreinum á Íslandi. Þær helstu eru Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum (Skills Iceland) og alþjóðlega keppnin World Skills sem haldnar eru til skiptis annað hvert ár. SI á aðild að Verkið sem stendur fyrir skipulagningu keppninnar í samstarfi við iðnmenntaskóla, fyrirtæki og fagfélög iðngreinnanna. World Skills var haldið í Leipzig í Þýskalandi og þangað fóru bæði dómarar og keppendur á vegum Verkið. Í haust hófst undirbúningur að Íslandsmótinu sem haldið verður 2014. Markmiðið er að auka sýnileika iðn- og starfmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina og vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og starfi í þeim greinum

## BOXIÐ – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

Keppnin er haldin árlega, í fyrsta sinn árið 2011, og er samstarfsverkefni SI, HR og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Átta fyrirtæki leggja til þrautir í keppnina en lið úr framhaldsskólum landsins keppast við að leysa þær. Markmiðið er að vekja athygli og áhuga ungs fólks á hinum fjölbreyttu verkefnum atvinnulífsins og kynnast um leið tækifærum í verk- og tækninámi.

## Tækniáhugi – jafningjafræðsla háskólanema til framhaldsskólanema

Jafningjafræðslan er samstarfsverkefni SI og sex fyrirtækja bæði innan og utan SI. Samstarfsaðilar auk þeirra eru HR og HÍ sem leggja til verkefnisstjóra sem halda utan um ferðalög þeirra nemenda sem stunda nám á tækni- og raunvísinda sviðum skólans. Tveir nemendur úr hvorum skóla og kyni heimsækja alla framhaldsskólana en lögð er áhersla á að hitta fyrsta árs nema. Markmiðið er að sá fræjum og brjóta niður staðalmyndir af raunvísinda- og tæknigreinum og fjölga þeim sem velja að mennta sig og starfa á þeim vettvangi. Opna þarf huga ungs fólks, ekki síst kvenna, í framhalds-

skólum landsins fyrir raunvísinda- og tækninámi og benda á möguleika á fjölbreyttum og vellaunuðum störfum í atvinnulífinu að námi loknu.

## Verk- og tækninám - nema hvað!

Frá árinu 2008 hefur nemendum í 10. bekk verið sent kynningarefni þar sem lögð er áhersla á að sýna þekkt fólk úr atvinnulífinu, fólk sem aflaði sér iðnmenntunar. Verkefnið hefur síðan þróast þannig að nú eru heimsóttir nemendur í 9. bekk, aukin áhersla lögð á jafningjanálgun og hún útfærð í myndrænni framsetningu. Á næsta ári verður hönnuð vefsíða með kynningarmyndböndum af ungum sveinum en síðunni er ætlað að höfða til unga fólksins og það hvatt til að nálgast frekari upplýsingar um námið. Nemendur fá sent heim póstkort með upplýsingum og tengli á vefsíðuna. Þessi gögn verða einnig send náms- og starfsráðgjöf grunnskólanna. Markmiðið er að styrkja ímynd starfa með því að sýna fólk með iðnmenntun sem náð hefur árangri á grunni iðnmenntunar og ungt fólk á auðvelt með að tengjast sem fyrirmyndum.

## Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fyrir nemendur

NKG er hugmyndasamkeppni fyrir alla nemendur í grunnskólum hér á landi. Keppnin er haldin á vegum NKG verkefnislausna. Aðalstyrktaraðili hennar er menntamálaráðuneytið en bakhjarlar eru ýmsir, þar á meðal SI.

Nemendum í 5-7 bekk er boðið að taka þátt í keppninni með því að skila inn góðum hugmyndum. Í keppnina bárust 2906 hugmyndir. Alls tóku 44 grunnskólar þátt í keppninni en markmiðið með henni er að vekja áhuga á nýsköpun og þróun og gera þátttakendum ljóst að allir hafa eitthvað til málanna að leggja.


## Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fyrir kennara

Kennaraverðlaun verða einnig veitt á NKG en kennara/kennarahópum sem ná góðum árangri í kennslu nýsköpunar er einnig hægt að tilnefna til þátttöku í keppninni. Markmiðið er að vekja áhuga á nýsköpun og þróun og vekja athygli kennara á mikilvægi þeirra.

## Forritarar framtíðarinnar

Sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ er samfélagsverkefni sem er ætlað að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins. Um er að ræða samstarfsverkefni Skema, RB og fleiri fyrirtækja og stofnana. Úthlutað verður úr sjóðnum tvisvar á ári. Í boði eru tölvubúnaður og forritunarnámskeið fyrir nemendur og þjálfun og endurmenntun fyrir kennara. Samtök iðnaðarins leggja sjóðnum til fyrsta stjórnarformann sjóðsins. Markmiðið er að stuðla að aukinni fræðslu og vekja áhuga barna og unglinga á forritun og tækni.

# Sterkur bakhjarl



**S**amtök iðnaðarins standa fyrir og styrkja margs konar viðburði og verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja við fjölbreytileg málefni er varða hag íslensks iðnaðar.

## Skúlaverðlaunin 2013

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn sem þátttak-

andi í sýningunni Handverk og hönnun. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon fógeta, frumkvöðul smáiðnaðar í Reykjavík. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI afhenti Helgu Ósk Einarsdóttir, gullsmíði og skartgripahönnuði verðlaunin við opnun sýningarinnar fyrir verkið „Jafnvægi.“

## Fjöreggið á Matvæladegi MNÍ

Fjölmenni var á Matvæladegi MNÍ sem haldinn var í október. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var ráðleggingar um mataræði og næringarefni og hvernig þær nýtast í daglegu lífi. Í upphafi ráðstefnunnar afhenti Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og formaður dómnefndar, Laufeyju Steingrimsdóttur, prófessor í næringarfræði, Fjöregg MNÍ. Fjöreggið er verðlaunagripur, hannaður af Gleri í Bergvík og veittur hvern matvæladag fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. SI hafa gefið gripinn frá upphafi.

## Hönnunarmars 2013

Hönnunarmars fór fram í fimmta skipti, dagana 14. - 17. mars. Hönnunarmars er fjögurra daga hönnunarhátíð í Reykjavík þar sem dagskráin er barnafull af fjölbreyttum og spennandi viðburðum af ýmsu tagi. Samtök iðnaðarins eru einn af bakhjörllum hátíðarinnar. Meðal dagskrárliða var sýning húsgagnaframleiðenda í Hörpu þar sem íslenskir framleiðendur komu á framfæri nýrri íslenskri framleiðslu þar sem ígrunduð hönnun og frábært handbragð haldast í hendur.

## Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru veitt á Bessastöðum um 19. febrúar. Verkefnið sem hlaut verðlaunin að þessu sinni heitir OM - hönnun, þróun og smíði nýs hljóðfærnis. Hljóðfærið er nýstárleg rafstrokin harpa sem síðar hlaut nafnið OHM og sem Úlfur Hansson, nemandi við Listaháskóla Íslands hannaði. Leiðbeinandi hans í verkefninu var Hans Jóhannsson hjá Fiðlusmíðaverkstæði Hans Jóhannssonar. Samtök iðnaðarins styðja við verðlaunin og eiga fulltrúa í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna sem velja verkefni.

## Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda var haldin í 22. sinn en tilgangur hennar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig þroska megja hana með vinnu við eigin hugmyndir. Áttján þátttakendur fengu verðlaun fyrir hugmyndir sínar en 53 þátttakendur tóku þátt í úrslitum. Í ár bárust 2906 hugmyndir frá 44 grunnskólum víða um land sem kenna á miðstigi.

## BOXIÐ

BOXIÐ – framkvæmdakeppni grunnskólanna er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Átta skólar tóku þátt í æsispenndi keppni sem lauk með sigri Kvennaskólans í Reykjavík. Markmið keppinnar, sem nú var haldin í þriðja sinn, er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Keppnin fólst í þrautabraut með sjö

stöðvum. Liðin fóru á milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyndu bæði á hugvit og verklag en ólíkar greinar iðnaðarins útfærðu þær í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík.

## Food & Fun

Hin vinsæla og árlega matarhátíð Food & Fun var haldin í Reykjavík dagana 27. febrúar – 3. mars í 12 sinn. Samtök iðnaðarins gerðu árið 2012 samning við Reykjavíkurborg og Icelandair um að gerast umsjónaraðilar hátíðarinnar til þriggja ára. Meistarakokkar frá Ameríku og Evrópu koma til landsins þessa daga og hafa umsjón með matreiðslu á bestu veitingahúsum Reykjavíkur í samvinnu við íslenska matreiðslumeistara.

## Íslenska ánægjuvogin

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar í febrúar en þetta var fjórtánda árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti.

Að þessu sinni voru niðurstöður birtar fyrir 28 fyrirtæki í 9 atvinnugreinum og byggjast niðurstöður á 200-600 svörum viðskiptavina hvers fyrirtækis. Hæstu einkunn allra fyrirtækja hlaut Nova.

Íslenska ánægjuvogin er félag í eigu Samtaka iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup. Markmið félagsins er að stuðla að samræmdum mælingum á ánægju viðskiptavina milli atvinnugreina og fyrirtækja.

## Góður árangur íslenskra keppenda á WorldSkills

WorldSkills – heimsmeistaramót iðn- og starfsnámsnemenda var haldið í Leipzig 3. – 6. júlí. Keppendur voru um 1000 talsins frá 52 löndum. Um 200.000 manns fylgdust með keppninni. Fjögur ungmenni tóku þátt fyrir Íslands hönd að þessu sinni og stóðu sig öll með þrýði. Verkið skipuleggur þátttöku Íslands í WorldSkills. Verkið eru samtök um keppni í iðn- og verkgreinum á Íslandi – SkillsIceland. Markmið þeirra er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina, halda Íslandsmót iðn- og verkgreina annað hvert ár og vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og starfi í þessum greinum.

Að Verkið standa Bílgreinasambandið, FBM, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Iðnmennt, MATVÍS, Meistarasamband byggingarmanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF, Samiðn, Samtök iðnaðarins, SART og VM.

# Ályktun Iðþings

Langtímahugsun í stað tilviljunarkenndrar stjórnýslu

Samvinna atvinnulífs og stjórnvalda

Tækni- og raungreinamenntun í fyrirrum

Nýsköpun á grunni núverandi atvinnulífs

Arðbærar fjárfestingar og viðhald opinberra eigna

Þjóðin ráði úrslitum varðandi Evrópumál

Nafnvextir verði lækkaðir

Lausn verði fundin á krónueign erlendra aðila

Afnám gjaldeyrishafta hafið sem allra fyrst

Kjarasamningar byggist á verðmætasköpun

Á næstu árum og áratugum verða miklar breytingar í efnahagslegu umhverfi Íslands, bæði af völdum náttúrunnar og mannlegs samfélags. Margt í þeirri þróun getur orðið til hagsbóta fyrir Íslendinga ef stjórnvöld og atvinnulíf taka höndum saman til að greina tækifærin og nýta þau.

Lýðfræði íslensku þjóðarinnar er afar hagstæð. Orku- og auðlindaþróun getur unnið ríkulega með Íslandi. Framþróun í tækni og breytingar á löggjöf í heiminum skapa fjölmörg færi. Þá þarf að nýta reynslu ólíkra ríkja af fjármálakreppu undanfarinna ára til að byggja upp bestu mögulegu framtíðarskipan sem völ er á hvað varðar fjármálakerfi og lögeyri. Grundvallaratriði er að stjórnvöld láti af handahófskenndum ákvörðunum um hagræn málefni. Vörugjaldakerfið, byggingareglugerðin og skattbreytingarnar eru nokkur nýleg dæmi um illa undirbúnaðar breytingar sem verða gerðar með skömmum fyrirvara. Þess í stað þarf að byggja upp til langs tíma, með fyrirsjáanlegum og skýrum hætti.

Þarfir fyrirtækja fyrir sérhæft starfsfólk, ekki síst í raungreinum, tækni og verklegri færni, munu fara sívaxandi á næstu árum. Samtök iðnaðarinnar setja aukinn kraft í samvinnu með yfirvöldum og menntastofnunum á öllum skólastigum til að efla slíkar námsgreinar í menntakerfinu. GERT verkefnið á grunnskólastigi er dæmi um árangursríka aðferðafræði við slíka samvinnu.

Íslenskir stjórnáðamaðmenn skilja nú betur en áður var hvernig skattkerfi getur haft áhrif á fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum. Slíkan samhljóm má nýta til frekari umbóta á umhverfi nýsköpunar. Það þarf að byggjast á því að nýsköpun er ekki einangrað fyrirbæri heldur stöðug framþróun á grunni þess atvinnulífs sem fyrir er í landinu.

Því er lykilatriði, ekki síst til að örva nýsköpun í landinu, að svigrúm til fjárfestinga verði stóraukið að loknum kosningum. Aflietta þarf óvissu varðandi sjávarútveg og samþykkingu rammaáætlun um verndun og nýtingu orkuauðlinda, sem byggjast á faglegum grunni en ekki pólitískum sérskoðunum.

Hið opinbera þarf sjálft að halda við eigin innviðum en viðhald vega og tækjabúnaðar verður mun dýrara ef því er sífellt frestað eins og nú er gert. Lífeyrissjóðir hafa boðist til að fjármagna arðbærar framkvæmdir nú þegar ríkissjóður stendur höllum fæti. Fráleitt er að hafna slíku boði, eins og gert gert strax að loknum kjarasamningum 2011. Stjórnvöld höfðu við þá samningagerð heitið framkvæmdum með þess háttar fjármögnun en á því urðu ekki efndir.

Viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu þarf að leiða til lykta sem fyrst. Nauðsynlegt er að ljúka aðildarviðræðum og að þjóðin eigi síðasta orðið í þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Kjósi Íslendingar að standa utan Evrópusambandsins þarf að huga til framtíðar að öðrum gjaldmiðlakostum en upptöku evru. Engu að síður er ljóst að hin íslenska króna verður lögeyrir Íslands næstu ár hið minnsta og því er brýnt að til komi öguð hagstjórn í samræmi við peningastefnu til að halda göllum íslensku krónunnar í skefjum en leyfa kostum hennar að nýtast til að endurspeglar íslenskt hagkerfi. Strax að loknum kosningum þarf að ljúka verkefnum tengdum krónueign erlendra aðila, þrotabúum bankanna og vinda að því loknu ofan af fjármagnshöftum í landinu. Nafnvexti þarf að færa niður í átt að því sem tíðkast á helstu markassvæðum og halda þeim í lágmarki þar til lausn finnst á krónueign erlendra aðila. Lægri vextir örva innlenda fjárfestingu og minnka streymi gjaldeyris úr landi í formi vaxtagreiðslna.

Stefnt er að því að gera nýja kjarasamninga í lok árs. Ekki má gera sömu mistök og árið 2011 þegar samið var um ríflegar launahækkanir vegna fyrirheita stjórnvalda um að fjárfestingum og verðmætasköpun yrði hleypt af stokkunum. Þegar það gekk ekki eftir rötuðu nafnlaunahækkanir út í verðlagið og drógu úr auknum kaupmætti landsmanna. Í þetta sinn verður að byggja á langtímasýn aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um raunhæf tækifæri til verðmætasköpunar hér á landi á næstum árum.



# Breytingar á ýmsum gjöldum og sköttum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi 1. janúar. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða en þeim, sem vilja kynna sér málið frekar, er bent á vefi Alþingis og ríkisskattstjóra.

- Á þessu ári verða staðgreiðsla, tekjuskattur og útsvar í þrem þrepum:
  - Mánaðarlaun 0-290.000 á mánuði 37,30%
  - Mánaðarlaun 290.0001-784.619 á mánuði 39,74%
  - Mánaðarlaun umfram 784.619 á mánuði 46,24%
- Persónuafsláttur hækkar í kr. 50.498 á mánuði.
- Tryggingagjald lækkar úr 7,69% í 7,59%.
- Frádráttur vegna iðgjalds í séreignarsjóð hækkar úr 2% í 4% frá 1. júlí 2014.
- Auðlegðarskattur á gjaldaárinu reiknast á 2014, 1,5% af hreinni eign einstaklings í árslok 2013 yfir 75 m.kr. og hjóna yfir 100 m.kr. og 2% af hreinni eign einstaklings yfir 150 m.kr. og hjóna yfir 200 m.kr.
- Stimpilgjald á lánskjöllum fellur niður.
- Stimpilgjald á kaupsamningum um fasteignir hækkar úr 0,4% af fasteignamati í 0,8% hjá einstaklinum og í 1,6% hjá lögaðilum. Þeir sem kaupa sína fyrstu fasteign fá 50% afslátt af stimpilgjaldi.
- Hundrað prósentu endurgreiðsla virðisaukaskatts við vinnu manna á byggingarstað er framlengd til ársloka 2014 og gildir fyrir íbúðarhús, sumarhús og byggingar í eigu sveitarfélaga.
- Ýmis gjöld hækka um 3% svo sem olíu- og kílómetragjald, bifreiðagjöld, gjöld á áfengi og tóbak og útvarpsgjald.

## Samantekt yfir nýsamþykktar breytingar á lögum

Lög um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir (færanleg starfsemi og EB-gerðir: umhverfismerki, loftgæði og efri losunarmörk).

Megintilgangur þessara laga er að innleiða þrjár EB-gerðir og styrkja framkvæmd norræna umhverfismerkisins hér á landi. Þá er fjallað um færanlega starfsemi. Þær EB-gerðir, sem nú hafa verið innleiddar, eru reglugerð (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB, tilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu og tilskipun 2001/81/EB um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni.

Lög um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr.

50/1988, lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, og lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða, vörugjald af bílum til útleigu o.fl.).

Markmið þessara breytinga á lögum er að auðvelda framkvæmd tollalaga, laga um vörugjald og laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og taka af öll tvímæli um atriði sem óskýr hafa verið í framkvæmd vegna orðalags þessara laga. Jafnframt er tvískipting greiðslu aðflutningsgjalda, vörugjalda og virðisaukaskatts í greiðslufresti framlengd út árið 2014.

## Gæðakerfi og vottanir

SI telja brýnt að sem flestir tileinki sér aðferða- og hugmyndafræði gæðastjórnunar og hafa í mörg ár aðstoðað félagsmenn við að stíga fyrstu skrefin til að byggja upp gæðakerfi. Félagsmönnum SI standa til boða, afnot af gæðakerfi og skráarvistun Samtakanna ásamt aðstoð við að laga hvort teggja að eigin rekstri.

### Fjölmeðg fyrirtæki hljóta vottun SI

Naust Marine, Jóhann Hauksson, Trésmíði, Rafmenn, SS Byggir, Bútur, Alefli, Jáverk, Tengill og ÁK Smíði hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Með kerfinu er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari en ella. Samkvæmt því fer fyrirtækið í stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins.

Þrjú fyrirtæki hlutu C-vottun, Klafi, Rafeyri og Vestfirskir verktakar. C-vottun staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur öflugum verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum.

# Meistaradeild SI

**S**amkvæmt starfsreglum MSI er engin formleg stjórn kosin en stjórn MSI er skipuð formönnum allra aðildarféлага eða fulltrúa meistarafélags sem stjórn viðkomandi meistarafélags kys. Stjórnin skiptir síðan með sér verkum og skipar formann og varaformann. Meistarafélögum í deildinni fjölgaði um eitt þegar Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum (MBS) gekk í SI og SA í lok árs. Félögin eru nú 11 talsins.

Margvísleg mál komu til kasta MSI á starfsárinu.

## Endurskoðun á iðnaðarlögum

MSI hefur fylgt endurskoðun iðnaðarlaga vel eftir. Formenn meistarafélaga hafa fundað með fulltrúa vinnuhóps ráðherra og sent ráðherra umsögn um breytingartillögur.

## Reglugerð um réttindi til að setja upp vinnupalla

Starfsmaður SA kom á fund MSI og kynnti drög að reglugerðinni sem er í smíðum.

## Vinnustaðanámssjóður

Stjórn MSI hefur áhyggjur af að greiðslur til meistara hafa minnkað frá því sem var í upphafi og óttast það verði til þess að meistarar hætti að sækja í sjóðinn. Auka verður framlag í sjóðinn.

## Hljóðmæling punktlíming einangrunar

Múrarmeistarafélagið kostaði mælingu á punktlímingu einangrunar í hinum hefðbundna íslenska vegg. Niðurstaðan var afdráttarlaus. Punktlíming einangrunarplasts fullnægir kröfum byggingareglugerðar um hljóðvist en heillímd plasteinangrun gerir það ekki.

## Stefnumótun MSI - gæðakerfi

Mikil vinna var lögð í að útbúa ýmis gögn varðandi þau mál sem skoruðu hæst í stefnumótuninni. Mest hefur verið unnið í því máli sem félagsmenn settu í fyrsta sæti en það var „gæðakerfi í öll fyrirtæki.“ Sett var upp áætlun sem aðildarfélagum hefur verið send og þau beðin að skoða hvernig þau sjálf geti hvatt til að félagsmenn þeirra nái viðunandi árangri. Þar að auki hafa SI fengið IÐUNA fræðslusetur til að standa fyrir námskeiðum sem hjálpa félagsmönnum að innleiða vinnubrögð í umhverfi gæðastjórnunar víða um land.

## Byggingareglugerð

Mikil vinna hefur farið í að fá byggingareglugerðinni breytt. Meðal þeirra mála, sem breytt var til góðs, eru eftirfarandi: Einangrunarkröfur voru færðar til eldri reglugerðar, loftræstikaflinn gerður skýrari, bráðabirgðaaákvæði framlengt til 15. apríl, sveigjanleiki aukinn vegna breytinga á eldra húsnæði, dregið úr kröfum varðandi bílastæði, breytt orðalag um íbúðarherbergi og sveigjanleiki aukinn, breidd gönguleiða að mannvirkjum breyttist, lengt var milli svæða til að mæta hjólastólum, anddyri íbúða minnkuð, aðeins dregið úr kröfum

um breidd stiga, ýmsu í kröfum um „algilda hönnun“ var breytt úr forskriftarákvæðum í markmiðsákvæði.

## Reglugerð um þjónustuaðila brunavarna

Í nóvember tók gildi ný reglugerð um þjónustuaðila brunavarna. SART gerðu athugasemdir við að hafa ekki fengið reglugerðina til umsagnar og einnig voru gerðar athugasemdir við tiltekin ákvæði hennar.

## Rafverktakagáttin

Mannvirkjastofnun hefur nú loks tekið nýju rafmagnsöryggisgáttina í notkun. Haldnir hafa verið nokkrir kynningarfundir. „Rafverktakagáttin“ er undirstaða samskonar gáttar fyrir allar iðngreinar þar sem krafist er uppáskriftar vegna byggingarleyfis.

## Önnur mál

- Lítil nýliðun í byggingariðnaði áhyggjuefni
- Iðn- og endurmenntun. Skipun í hinar ýmsu nefndir. MSI er kjörinn vettvangur til að öðlast yfirsýn yfirsetu félagsmanna í þeim vinnunefndum.
- Hvetja stjórnvöld til að framlengja 100% endurgreiðslu vsk. á vinnu sem unnin er á verkstað.
- Hvetja til nýframkvæmda. Málefnið er stöðugt í vinnslu
- Hvetja til bættra samskipta við sveitarfélög (t.d. byggingafulltrúa). Þetta hefur verið gert með formlegum fundum og heimsóknum.
- Úttekt á stöðu nýframkvæmda. Autt húsnæði talið.
- Ein kæra hefur borist til Ábyrgðasjóðs vegna vinnu félagsmanns. Kæran er kominn alla leið til „úrskurðarnefndar.“
- Vinna við breytingu á Meistaraskólanum.
- Endurtekið útboð Ríkiskaupa vegna viðhaldsverka hjá ríkinu átti sér stað nú fyrir stuttu. SI börðust fyrir að útboðsgögn yrðu einfölduð og tryggt að fasteignir ríkisins fari eftir leikreglum. „Hvetjum fyrirtæki til að ráða langtíma atvinnulausa til vinnu.“ Starfsmaður átaksins kom á stjórnarfund og kynnti málið.
- Launakostnaður og kostnaðarþróun á kjarasamnings-tímabilinu.
- Áhættumat og áhættugreining, sem leiðir til Öryggis- og heilbrigðisáætlunar, er ávallt til umræðu
- Hvernig finnur þú þitt einingarverð? Hver eru launatengd gjöld? Víða hafa verið haldnir kynningarfundir um það málefni. Þeir fundir leiddu til þess að IÐAN-fræðslusetur efndi til námskeiðs um þann málaflokk og kynnti TAXTA forrit SI. Námskeiðið hefur verið vel sótt.



# SART – Samtök rafverktaka

Liðin eru tvö ár síðan SART gengu til liðs við Samtök iðnaðarins og almenn sátt virðist ríkja um það stóra skref sem þá var stigið. Félagsmenn, sem sótt hafa sér ráðleggingar og þjónustu til Samtakanna, hafa lýst þeirri skoðun sinni að í nýju umhverfi fái þeir meiri þjónustu fyrir minna fé. Verkefnastaðan var þokkaleg á árinu en alls ekki ásættanleg þegar til framtíðar er litið. Landflótti tæknifólks og þar með fækkun starfsmanna er þegar farinn að hafa neikvæð áhrif á starfsemi fyrirtækjanna og mun valda frekari vandræðum síðar þegar verkefnum fjölgar á ný.

## Stefnumótun til 2018

Ný framtíðarsýn SART var mótuð á stefnumótunarfundi snemma árs. Framtíðarsýnin er sett fram í formi lýsingar á þeim árangri sem rafverktakar vilja að náðst hafi eftir fimm ár og forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi til að svo megi verða. Meðal þess sem menn dreymir um eru sterk fyrirtæki í arðsömum rekstri þar sem ánægðir viðskiptavinir og starfsmenn telja sig njóta öryggis og fagmennsku.

## Aukin framleiðni

Til að svo verði þurfa réttar forsendur að vera fyrir hendi. Rannsóknir sýna að framleiðni hér á landi stenst ekki samanburð við þau lönd sem við viljum miða okkur við. Til þess að markmið um arðsemi náist þurfa fyrirtækin að auka framleiðni með betri stjórnun og sérstakri áherslu á stjórnun framkvæmda. Fyrirtæki og starfsfólk verða að þróast í átt að árangursmiðaðra umhverfi sem ekki snýst bara um kaup og kjör. Starfsmenn þurfa að líta á rafiðnaðinn sem aðlaðandi umhverfi þar sem verðmætasköpun og laun fylgjast að.

## Áhersluverkefni

Við mótun framtíðarsýnar rafiðnaðarins voru skilgreind nokkur áhersluverkefni sem ætlað er að tryggja að unnið verði skipulega að því að ná fram þeim markmiðum sem greinin hefur sett sér. Má þar nefna, að vinna þarf markvisst að því að koma í veg fyrir að ófaglærðir geti keppt við löglega rekin fyrirtæki á markaði. Þá þarf að efla traust milli verkkaupa, aðal- og undirverktaka ásamt því að bæta verklag og reglur varðandi tilboðsgerð.

Standa þarf vörð um menntun rafiðnaðarmanna með stuðningi við verkmennta- deildir framhaldsskólana og tryggja að fyrirtækin geti tekið nema í starfsþjálfun. Efna þarf til námskeiða í Rafiðnaðarskólanum til að auka þekkingu í sérhæfðum greinum s.s. búnaði fyrir vindorku og rafknúin ökutæki og til að auka hæfni rafiðnaðarmanna varðandi flókin viðhaldsverkefni og bilanaleit. Þá skal markvisst unnið að því að útrýma vinnuslysum og að starfsmenn og stjórnendur geri sér betur ljóst mikilvægi öryggismála.

## Byggingareglugerð – krafa um gæðastjórnun

Ný byggingareglugerð kveður á um að iðnmeistarar skuli hafa komið sér upp gæðakerfi fyrir lok árs 2014. Gæðakerfi Samtaka iðnaðarins stendur félagsmönnum SART til boða ásamt aðstoð við innleiðingu og uppsetningu, allt eftir þörfum hvers og eins. Krafa um öryggisstjórnun og skjalavistun hefur hvílt á rafverktökum allt frá árinu 1996 og Mannvirkjastofnun hefur þróað og sett upp svokallaða „rafverktakagátt“ í samvinnu við rafverktaka sem er rafrænt samskiptakerfi milli stofnunarinnar, rafverktaka, rafveitna og skoðunarstofa. Með gáttinni eru rafverktakar komnir vel áleiðis hvað varðar gæðastjórnun og eru því undir það búnir að bregðast við auknum kröfum mannvirkjalaga.

# Umhverfismál

## Vatn

Talsverðar breytingar eru að verða á stjórn vatnamála hér á landi. Unnið er eftir lögum sem sett voru í apríl 2011 og stjórnvöld eiga að leggja fram vatnaáætlun í lok árs 2018. Áætlunin verður endurskoðuð sjötta hvert ár. Í vatnaáætlun verður lýst ástandi vatns, álag á vatn er metið. Sett verða viðmið um ástand og gefnar út aðgerðir um áætlanir og vöktun. Fyrsta skrefið var útgáfa Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands í lok ársins. Þar er landinu skipt í vatnshlot og ástand þeirra metið. Skoðað er álag á vatn, m.a. út frá atvinnustarfsemi. Skýrslan var meira en ár í vinnslu og SI hafa komið á framfæri fjölda athugasemda varðandi umfjöllun um einstök fyrirtæki sem og almennt um nálgun verkefnisins. Nú tekur við vinna við aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun. Samtök iðnaðarins eiga fulltrúa í ráðgjafanefnd hagsmunaaðila um vatnamál.

Fyrir dyrum stendur endurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Hagsmunir fyrirtækja eru miklir í því máli því að hreint og ómengað vatn er mikilvægt hráefni í framleiðslu. Samtökin komu sjónarmiðum iðnaðar á framfæri við þá sem að verkefninu standa og munu fylgjast með þróun mála.


## Efnavörur

Ný efnalög tóku gildi um mitt ár og SI tók þátt í undirbúningsvinnu og kynningum. Það var orðið tímabært að taka til í þessum málaflokk en eldri lögum hafði margoft verið breytt og þar mátti finna ýmislegt sem var orðið úrelt. Með nýjum lögum fæst betri yfirsýn þótt lagabálgur um efni og efnavörur sé viðamikill og flókinn sem fyrr. Meginatriðin, sem fyrirtæki þurfa að skoða í nýlegum breytingum, varða nýtt kerfi vegna flokkunar og merkinga

á efnavörum og breytingar á öryggisblöðum. Þá eru gerðar auknar kröfur vegna markaðssetningar snyrtivara, sótthreinsiefna, viðarvarnar og plöntuvarnarefna, m.a. varðandi markaðsleyfi. Auk þess tóku gildi kröfur um að fyrirtæki og starfsmenn, sem hafa umsjón með rekstri og viðhaldi kælikerfa, loftræstinga og varmadælna sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, hafi hlotið vottun.

## Úrgangur

Á árinu kom út Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 – 2024. Einnig kom fram frumvarp um breytingar á lögum um úrgang. Samtök iðnaðarins hafa í umsögnum sínum lagt áherslu á að samkeppni ríki á sem flestum sviðum úrgangssöfnunar og meðhöndlunar. Mikil þróun hefur orðið á undanförunum áratug og svokölluð gámafyrirtæki, sem hófu starfsemi sína á flutningi úrgangs, stunda núorðið mun fjölbreyttari starfsemi sem felst í flókinni meðferð, flokkun og endurvinnslu úrgangs. Fyrirtækin stunda þróunarstarfsemi og ýmsar framfarir í úrgangsmálum eiga rætur sínar að rekja til þeirra. Óhætt er að fullyrða að hörð samkeppni á úrgangsmarkaði hefur skapað nýjar og frumlegar lausnir sem fyrirtæki og sveitarfélög njóta góðs af. Betri lausnir ásamt jákvæðu viðhorfi sveitarfélaga og fyrirtækja til endurvinnslu, hafa leitt til þess að flokkun og endurvinnsla úrgangs hafa stóraukist. Samtökin hafa hvatt stjórnvöld til að tryggja að löggjöfin styðji þróun og skýri leikreglur á markaði þar sem bæði sveitarfélög og einkaaðilar hafa stóru hlutverki að gegna.



# Könnun meðal félagsmanna

**S**amtök iðnaðarins gerðu könnun fyrir Iðnþing meðal félagsmanna þar sem spurt var um margvísleg atriði er varða viðhorf til Samtakanna, starfsskilyrði, efnahagsmál og Evrópumál.

Samkvæmt könnuninni, sem Outcome gerði, sögðu 54% aðspurðra að Samtökin standi sig vel en 36% hvorki vel né illa. Um 10% telja SI standa sig illa. Þetta er nokkru betri niðurstaða en sambærileg könnun frá 2012 gaf til kynna en á árunum 2004-2007 var einnig spurt með þessum hætti. Á þeim tíma virðist nokkru meiri ánægja vera með Samtökin en segja má að nokkuð sterk fylgni sé milli ánægju með Samtökin og efnahagsástands á hverjum tíma. Einnig var spurt um traust til Samtakanna. Þá kemur í ljós að 59% félagsmanna bera frekar eða mjög mikið traust til þeirra en um 10% bera frekar lítið traust til hinna sömu.

## Aðstæður í efnahagslífinu

Kannað var hvernig félagsmenn mátu aðstæður í efnahagslífinu. Tæp 65% félagsmanna töldu aðstæður í efnahagslífinu fyrir atvinnurekstur frekar eða mjög slæmar. Um fjórðungur telur þær hvorki góðar né slæmar en 8,4% góðar. Spurt var hversu mikil eða lítil áhrif gjaldeyrishöftin hefðu á rekstur fyrirtækja. Alls sögðu 29% að höftin hafi hvorki mikil né lítil áhrif en 49% að áhrifin séu lítil eða engin. Aðeins tæp 20% töldu gjaldeyrishöftin hafa mikil áhrif á reksturinn.

Spurt var hversu vel eða illa krónan hentar sem gjaldmiðill fyrir viðkomandi atvinnurekstur. Alls sögðu 26% að krónan hentaði vel, 41,2% hvorki vel né illa en 29% illa. Í ljós kemur að fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði telja frekar að krónan henti illa en annars er lítil munur eftir öðrum greinum. Greinilegur munur er milli byggðarlaga. Fyrirtæki á landsbyggðinni eru

sáttari við krónuna en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

## Evrópumálin

Samkvæmt könnun um Evrópumálin sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins voru um 58,8% landsmanna andsnúnin aðild að Evrópusambandinu en 25,1% hlynnt aðild. Þegar félagsmenn SI eru spurðir með sambærilegum hætti kemur í ljós að 52,8% segjast andvígir aðild en 33% hlynnt. Í báðum hópum eru 15% aðspurðra hvorki hlynnt né andsnúnin.

Þegar kannað er viðhorf til aðildarviðræðna kemur nokkur munur viðhorfa í ljós því að 54,3% félagsmanna SI eru hlynnt því að ljúka aðildarviðræðum en hlutfallið meðal almennings er 43,5%. Meðal félagsmanna vilja 34,8% að viðræðum verði hætt en 44,6% almennings.

Í könnuninni var spurt hvort aðild að Evrópusambandinu væri hagstæð eða óhagstæð fyrir fyrirtækið. Tæp 30% töldu að aðild yrði hagstæð en 33% að hún yrði hvorki hagstæð né óhagstæð. Hins vegar töldu 14,4% að aðild yrði frekar óhagstæð en 15,3% mjög óhagstæð.

Spurt var hvernig myndir þú greiða atkvæði ef aðild yrði borin undir þjóðar- atkvæði núna? Sögðust 70% andvíg aðild en 30% fylgjandi. Félagsmenn SI voru ekki spurðir þessarar spurningar en óhætt er að gera ráð fyrir að munur á viðhorfum sé ekki mikill.

## Forgangsröðun verkefna

Félagsmenn voru loks spurðir um forgangsröðun helstu verkefna sem Samtökin vinna að. Lagður var fram listi málaflokka og félagsmenn spurðir hversu mikla eða litla áherslu þeir teldu að Samtökin ættu að leggja á þá. Iðn- og verkmenntun hlutu hæstu einkunn en fast á eftir fylgdu vaxta- og

peningamál. Ekki má þó túlka niðurstöður þannig að verkefni sem eru neðar á listanum, s.s. umhverfismál og Evrópumál eigi ekki að vera forgangsverkefni enda skipta ólík verkefni summa félagsmenn miklu máli þótt þau vegi minna þegar á heildina er litið.





**Matur er fyrir öllu**

## Landssamband bakameistara

Á aðalfundi Landssambands bakameistara urðu þær breytingar að úr stjórn gengu Hafliði Ragnarsson og Jón Rúnar Arilíusson. Í þeirra stað komu Sigurður Enoðsson og Sigþór Sigurjónsson. Félagið stóð fyrir sölu á köku ársins að venju á konudaginn. Sala á köku ársins eykst ár frá ári og er nú orðinn sjáfsagður liður í að gleðja eiginkonur á fjölda heimila í landinu þann dag. Samtarið við styrktarfélagið Göngum saman hélt áfram með sölu brjóstabollunnar á mæðradaginn. Félagið efndi til samkeppni um heilsuþauð í maí í samstarfi við sérfræðinga Matís og Embættis landlæknis. Keppnin tókst afar vel og átti Sigurður Már Guðjónsson í Bernhöftsbakaríi sigurbrauðið. Sala á því hófst í lok ágúst undir kjörorðinu „Verðlaunabrauð LABAK.“ Félagið tók þátt í að standa fyrir keppni um titilinn „Bakari ársins“ með bakaraðild Hótel- og matvælasólans og Matvís. Daníel Kjartan Ármannsson hreppti þann titil. Félagið hefur lagt mikla vinnu á árinu í að berjast gegn því að kókugerð verði felld af lista yfir löggiltar iðngreinar í landinu. Ekki er séð fyrir endann á þeirri baráttu. Þá hefur félagið barist gegn ólöglegri kókusölu á netinu og hvers kyns iðnaðarlagabrotum.

## Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja hófu sitt þriðja starfsár á umfjöllun um heimildir eftirlitsaðila til að birta gögn úr eftirliti. Samtökin telja að gæta þurfi varúðar í meðferð slíkra gagna. Þá hefur stjórnin fjallað um neikvæða umræðu sem ítrekað blossar upp í kringum unnar kjötvörur. Á aðalfundi samtakanna í maí urðu þær breytingar að Sigurður Jóhannesson gekk úr stjórn en í hans stað tók sæti Karl Ómar Jónsson. Guðni Ágústsson er áfram formaður og stjórnin kaus Gunnar Þór Gíslason sem varaformann. Á aðalfundinum var fjallað um drög að frumvarpi um vernd vörueita með uppruna- og staðarvísun en þau eru tilbúin í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en hafa ekki enn verið lögð fram á Alþingi. Í kjölfar aðalfundar buðu samtökin forsvarsmönnum SI, SA og Bændasamtaka Íslands til fundar þar sem fjallað var um mjólkur- og kjötfremleiðslugreinarnar og áhrif þeirra á þjóðarbúið. Stjórnin fjallaði um norræna skráargatið og ýmsar reglugerðir sem varða greinarnar og kynnti sér aðstöðu nokkurra félagsmanna. Í lok árs bauð stjórnin forráðamönnum sauðfjárbænda og kúabænda til fundar þar sem fjallað var um stöðu greinanna og möguleika til vaxtar og framleiðni aukningar.

## Ecotrophelia – samkeppni um þróun vistvænna matvæla

Samtökin styrktu landskeppni háskólanema í þróun vistvænna matvæla sem haldin var í apríl. Þar kenndi ýmissa áhugaverðra grasa en sigur úr bítum báru þær Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Helga Franklínisdóttir og Sigríður Hulda Sigurðardóttir, nemendur við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, fyrir vöruna Hai Shen sem er sæbjúgnasúpa ætluð fyrir Kínamarkað. Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður



matvælasviðs SI fylgdi hópnum á sambærilega Evrópukeppni í október sem dómari. Þar vann íslenski hópurinn til sérstakra verðlauna fyrir athyglisverðustu nýjungina.

**Prýði**  
Verk í höndum meistara

## Starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði

Prýði, starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði, fundaði reglulega á árinu og ræddi ýmis hagsmunamál sinna greina. Í janúar var efnt til stefnumótunarfundar þar sem mótuð var framtíðarsýn greinanna og teknar ákvarðanir um meginverkefni Prýði á komandi misserum.

Svört og ólögleg atvinnustarfsemi hefur verið ört vaxandi vandamál í þjónustuiðnaði og hafa félög innan hans reynt að bregðast við slíku með virkri upplýsingagjöf innan félaganna og bréfum til atvinnurekenda sem eru hvattir til að taka á vandamálinu. Þá hefur fyrirhuguð endurskoðun á iðnlöggjöfinni verið til umfjöllunar innan Prýði og hafa félög innan þjónustuiðnaðarinnar skilað inn umsögnum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.



Á aðalfundi SUT í nóvember var Gestur G. Gestsson, Advania, endurkjörinn formaður. Nýir meðstjórnendur voru kosnir til tveggja ára, Finnur Oddsson Nýherja, Heimir Fannar Gunnlaugsson, Microsoft og Daði Kárason, LS retail. Þeir Daði Friðriksson, Tölvumiðlun, Haukur Þ. Hannesson AGR og Björn Ingvarsson, CCP sitja áfram í stjórn.

Við lok starfsárs voru innan SUT, 45 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingartækni- iðnaðar.

Velta út frá ISAT númerum nemur um 50 milljörðum. Fjöldi skráðra fyrirtækja í greininni er um 700 með u.þ.b. 3500 starfsmenn og því ljóst að lítil eða engin starfsemi er í mörgum þeirra. Áætlað er að virk fyrirtæki í greininni séu um 200 talsins.

Á starfsárinu var lögð áhersla þrjú forgangsverkefni:

- árangursríkara samstarf við stjórnarsýslu og löggjafarvaldið
- aukið aðgengi að „rétt“ menntuðu starfsfólki
- samstarf útflutningsfyrirtækja og samkeppnishæfni íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja í ljósi gjaldeyris- hafta, skatta og hagsveiflna.

## Helstu verkefni og viðburðir:

### Aukin samkeppnishæfni UT-iðnaðarins

Umgjörð UT iðnaðarins þarf að vera á pari við það besta sem þekktist í Evrópu. Meðal þess sem færa þarf til betri vegar er:

- Löggjöf og vinnuferli yfirvalda varðandi afdráttarskatta vegna sölu í löndum án tvísköttunarsamninga og átak í fjölgun tvísköttunarsamninga við erlend ríki
- Endurgreiðsluumhverfi vegna rannsóknar- og þróunar- vinnu
- Koma á skattaafslætti vegna fjárfestinga í frumkvöðla- fyrirtækjum á sviði UT
- Sértækar breytingar gerðar á útlendingalöggjöf þannig að upplýsingartæknifyrirtæki eigi hægara um vik að ráða erlent starfsfólk
- Aukið fjármagn í tækni- og raunsvísindagreinum innan háskólanna til að bæta úr skorti á vinnuafli
- Bætt hagtolugerð til betri ákvörðunartöku

### Bætt verkaskipting

Auka þarf samstarf um breytta verkaskiptingu milli opin- berra aðila og sjálfstæðra fyrirtækja með betri nýtingu almannaþjár að leiðarljósi.

- Stuðlar að „betri þjónustu fyrir minna fé“
- Örvar nýsköpun fyrirtækja
- „Hugverk“ í eigu fyrirtækis á samkeppnismarkaði tekst að margfalda virði sitt en nýtist eingöngu viðkomandi stofnun sé það í eigu opinberra aðila
- Styrkir opinbera stofnun til að einbeita sér að kjarnaverkefni sinni
- Dregur úr samkeppni milli hins opinbera og atvinnulífsins um takmarkaðan fjölda hæfs starfsfólks

### Íslandsstofa og samstarf UT fyrirtækja í útflutningi

Skýrslan „Efling útflutningsfyrirtækja í hugbúnaðariðnaði með klasahugmyndafræði“ kom út í janúar og var gerð í samstarfi Íslandsstofu og SUT. Í framhaldi af opnum kynning- arfundi, þar sem helstu niðurstöður skýrslunnar voru kynntar, var stofnaður stýrihópur um verkefnið.

Fyrsti viðburðurinn, sem hópurinn stóð fyrir, var „Hrað- stefnumót hugbúnaðarfyrirtækja“ sem haldið var í júní.

Markmiðið með þátttöku fyrirtækja var að greina möguleika á samstarfi við önnur íslensk hugbúnaðarfyrirtæki í markaðs- sókn erlendis, byggja á einfaldan og fljótlegan hátt upp tengsl við fjölda íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja í útflutningi og skoða hvort grundvöllur er fyrir því að auðvelda lífið með almennri samvinnu við önnur fyrirtæki.

Þá var efnt til fundaraðar um markaðs- og sölumál upp- lýsingatæknifyrirtækja. Fyrsti fundurinn, „Samstarf fyrir- tækjanna á erlendum markaði“ var haldinn í byrjun október og annar fundurinn um „Tengslamyndun á erlendum markaði“ var haldinn í lok nóvember.

### UT messan

SUT tekur þátt í UT messunni en tilgangur hennar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrifum hennar á fólk, fyrirtæki og íslenskt samfélag.

### BOXIÐ – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

SUT fyrirtæki hafa tekið þátt í BOXINU en markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.





Níunda starfsári Samtaka sprotafyrirtækja er lokið en þau voru stofnuð 2. júní árið 2004. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi.

Í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja voru kjörin á síðasta aðalfundi Sigmar Guðbjörnsson, Stjórnun-Odda, formaður, Erlendur Steinn Guðnason, Stika, Gísli Kr., Green Qloud, Guðmundur Páll Línal, Brum Funding, Perla Björk Egilsdóttir, Saga Medica, Stefán Þór Helgason, Klaki Innovit og Þorkell Jónsson, Samey. Í SSP eru um nú vel á sjöunda tug fyrirtækja.

### Helstu verkefni

Á árinu var lögð áhersla á að fylgja áfram eftir áhersluverkefnum úr stefnumótun tækni- og hugverkagreina sem fram fór í maí 2011 og rædd voru nánar á Tækni- og hugverkafélagi í október sama ár og í febrúar í ár.

#### Samstarfsvettvangur tækni- og hugverkagreina

Ný áætlun fyrir tímabilið 2012-2014 liggur fyrir og samningur undirritaður. Nýjum ráðherrum var kynnt starfsemi vettvangsins og unnið að því tryggja framgang þeirra áhersluverkefna sem tengjast fjárlögum 2014.

#### Bætt hagtolugerð

Réttar upplýsingar um stöðu og þróun greinarinnar eru lyklatríði til að unnt sé að fylgjast með uppbyggingarstarfi fyrirtækjanna og árangri. Verkefnið er í höndum Hagstofunnar sem hefur fengið vilyrði fyrir 90 milljóna króna framlagi á fjárlögum 2014.

#### Tækniþróunarsjóður, efling og áframhald

Tækniþróunarsjóður var eflur fjárlögum 2012 og 2013. Eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum hefur baráttan snúist upp í harða varnarbaráttu fyrir Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur R&D.

#### Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu

Unnið hefur verið að verkefninu með ýmsum hætti. Samningur, í samræmi við skýrslu GERT II, hefur verið undirritaður en framkvæmd er í höndum verkefnisstjórnar og nýs verkefnisstjóra.

#### Inspired by Icelandic innovation

Verkefnið miðar að því að segja frá árangri íslenskra fyrirtækja og draga upp jákvæða ímynd af íslensku nýsköpunarumhverfi í stuttum myndböndum. Fjármögnunarrámmi frá SI liggur fyrir og samstarf við Íslandsstofu og NMÍ er í þróun. Gerð voru nokkur myndbönd í tengslum við Tækni- og hugverkafélagi í febrúar og vinna við að skrifa árangursögur fyrirtækja á sviðinu er hafin.

### Hæfileikaríkt fólk verði laðað til starfa hér á landi

SI hefur verið í sambandi við nefnd um endurskoðun útlendingalöggjafar og haft samband við fyrirtæki til að meta þörfina og stöðu.

#### Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa

Fjármálaráðherra skipaði nefnd til að fara yfir málið. SI áttu fulltrúa í nefndinni sem skilað niðurstöðum í lok október. Greinargerð liggur fyrir og semja þarf nýtt lagafrumvarp sem byggist á leiðbeiningum EES/ESB og verður lagt fyrir Alþingi til samþykktar.

#### Betri þjónusta fyrir minna fé

Þrátt fyrir eftirfylgni SI og HSV hefur ekki verið stöð við framhald fjármögnunar á fjárlögum 2013 og 2014. Fundað hefur verið með heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra um málið.

#### Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé

Þrátt fyrir áhuga að því virtist 2010, reyndist ógerlegt að koma þeirri aðferðafræði á í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2011 og 2012. Lagt hefur verið til að sú leið verði markvisst innleidd við fjárlagagerð fyrir árið 2014.

#### Afnám gjaldeyrishafta

Tekin hefur verið saman greinargerð með dæmisögum um tjón sem af gjaldeyrishöftunum hlýst og liggur fyrir. Fundað hefur verið með fulltrúum Seðlabanka og fylgst er með framvindu mála.

#### Tækni- og hugverkafélag

Tækni- og hugverkafélag fór fram í Salnum, Kópavogi í febrúar. Þar kynntu sex stjórnsmálaflokkar tillögur sínar að umbótum á starfsumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja. Samstaða var um skattalega hvata til að efla vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðgerðaáætlun um eflingu verk- og tæknináms.

#### Morgunfundir

Morgunfundir SI/SSP/SUT/SÍL/SHI/IGI/CTI hafa reynst góður vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast og fara yfir tiltekin mál sem höfða til breiðs hóps félagsmanna úr tækni-samtökunum. Fjölmennur morgunfundur var haldinn í byrjun júlí þar sem rædd var m.a. sú mikla hreyfing á fólki og fyrirtækjum úr landi sem blasir við. Fundurinn sendi frá sér ályktun sem síðar varð efniviður í talsverða fjölmiðlaumræðu á haustdögum og áfram í tengslum við umræður um fjárlagafrumvarp 2014.

#### Vaxtarsprotinn

Fyrirtækið Meniga ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2013 sem er viðurkenning fyrir öflugan uppbyggingu sprotafyrirtækis. Fyrirtækið nær tífaldaði sölutekjur sínar milli árána 2011 og 2012. Fyrirtækin Controlant, Nox Medical og Iceconsult fengu

einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt. Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprota-fyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.



Á aðalfundi Samtaka heilbrigðis-iðnaðarins var kosin ný stjórn, Jón Valgeirsson, Atvavis, formaður, Árni Þór Árnason, Oxymap, Börkur Arnviðarson, Arctic Sequentia, Garðar Þorvaldsson, Kviknu, Hákon Sigurhansson EMR, Magnús Oddsson Össuri og Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical.

### Áherslur í starfi SHI

Í aðdraganda að stofnun Samtaka heilbrigðis-iðnaðarins var unnið að nýrri stefnumótun fyrir greinina.

Margar af þeim tillögum um aðgerðir og verkefni, sem fram komu í stefnumótuninni, ríma við almenna stefnumótun og forgangsverkefni annarra tækni- og hugverkagreina, s.s. áherslan á fjármögnun, skattalega hvata, menntamál, stoðkerfi og hagtolugerð.

Sértæku verkefnin eru hins vegar meira í formi samstarfs við heilbrigðisstofnanir um þróun nýrra lausna, öryggis- og gæðamál og útflutning.

Í starfi SHI hefur verið lögð áhersla á að efla samstarf innan heilbrigðisklasans með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útflutning að leiðarljósi.

### Fundir

SHI hóf starfsemi með almennum kynningarfundum fyrirtækjanna til að auka innbyrðis tengsl og kynningu. Í kjölfarið var lögð áhersla á fræðslufundi um ýmis fagleg efni, s.s. vottun- og merkingar, einkaleyfi og markaðslegar kröfur.

Í júní 2011 var efnt til stefnumóts fyrirtækja og heilbrigðis-stofnana til að fylgja eftir markáætlun um klasa undir kjör-

orðinu „Betri þjónusta fyrir minna fé“ sem hófst með umræðufundi um nýsköpun í fjárlagagerð í lok árs 2010. Gott samband hefur náðst við Landspítala háskólasjúkrahús um samstarfsverkefni, sem vonir standa til að geti orðið vísir að góðum grunni til að byggja á samstarf í framtíðinni.

Morgunfundir SI/SSP/SUT/SÍL/SHI/IGI/CTI hafa reynst góður vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast og fara yfir tiltekin mál sem höfða til breiðs hóps félagsmanna úr tæknisamtökunum.

Stjórn SHI hefur jafnframt lagt áherslu á innra starf, gagnkvæma kynningu og fræðslu fyrir félagsmenn. Í þeim tilgangi var opnaður umræðuhópur á samskiptavefnum LinkedIn þar sem félagsmenn geta lagt inn fyrirspurnir og deilt þekkingu sinni. Jafnframt var farið af stað með fræðslufundi um afmörkuð málefni. Fyrsti fræðslufundurinn var haldinn nú á vordögum um markaðskröfur vegna gæðamerkinga og öryggi hugbúnaðar tengdum lækningaferlum.

### Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði

Samtökum íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtökum heilbrigðis-iðnaðarins bárust til umsagnar drög að frumvörpum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Myndaður var hópur fyrirtækja í samráði við stjórnir SHI og SÍL um gerð þeirrar umsagnar. Hópurinn telur almennt að lagasetningin sé til bóta og jákvætt sé að sett séu skýrari ákvæði um réttindi þátttakenda í rannsóknum á heilbrigðissviði en þó eru nokkur atriði sem þarfnast frekari skoðunar.



Aðalfundur CleanTech Iceland var haldinn í nóvember í Svartsengi. Þar var kosin ný stjórn en hún er skipuð þeim K-C. Tran, formanni, Jóni Ágústi Þorsteinssyni, Hilmi Inga Jónssyni, Sigurði Eiríkssyni og Guðný Reimarsdóttur.

Á félagaskrá CTI eru 15 fyrirtæki sem öll vinna að þróun umhverfisvænna tæknilausna.

## Helstu verkefni

### Kortlagning viðskiptatækifæra

Unnið var að kortlagningu viðskiptatækifæra í grænni tækni og mats á sóknarfærum í samstarfi við Íslandsstofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Markmið verkefnisins var að kortleggja stöðu grænnar tækni á Íslandi og öðlast yfirsýn yfir umfang, hindranir og sóknarfæri. Farið var í umfangsmikla upplýsingaöflun í tengslum við verkefnið. Tekin voru viðtöl við forráðamenn 50 fyrirtækja tengdum greininni til að afla upplýsinga um starfsemi fyrirtækjanna og kynnast viðhorfum þeirra á ýmsu sem tengist starfsumhverfi þeirra. Skýrslan er eitt af fyrstu skrefunum sem stigin hafa verið til að afmarka og ná utan um þau fyrirtæki sem sinna grænni tækni hér á landi. Haldinn var fundur í desember með forráðamönnum fyrirtækja þar sem helstu niðurstöður voru kynntar og rætt var um áskoranir og verkefni framundan.

### Fjárfestingarsjóðir

Stjórn CTI telur brýnt að liðka fyrir fjármögnun fyrirtækja og auka skilning fjárfesta á sérstöðu grænnar tækni. Liður í því var að óska eftir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tryggji aðkomu sérfræðings í grænni tækni að fjárfestingaráði sjóðsins. Vel var tekið í þá beiðni. CTI tók einnig þátt í vinnustofu um stofnun græns sjóðs innan NSA. Ekkert varð úr stofnun sjóðsins á árinu. Enn mun félagið því vinna að því að bæta skilyrði til fjárfestinga í geiranum.

### Fjármögnun og starfsskilyrði

Í tengslum við aðalfund CleanTech Iceland var haldinn opinn fundur um fjármögnun og starfsskilyrði greinarinnar. Gestir fundarins voru iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Steindór Pálsson bankastjóri Landsbankans. Ragnheiður Elín fjallaði um möguleika grænnar tækni til að vaxa og dafna hérlendis. Hún benti á góðan árangur Íslendinga á sviði jarðhita og sagði þá geta náð góðum árangri á fleiri sviðum. Steindór talaði um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja og fór yfir verkefni Landsbankans til að styðja við nýsköpun. Steindór sagði að bein aðkoma banka í eignarhaldi fyrirtækja væri ekki æskileg heldur væri betra að þeir ynnu gegnum sjóði eins og verið hefur. Í máli fundarmanna bar hæst starfsskilyrði fyrirtækja og mikilvægi þess að aflétta gjaldeyrishöftum. Einnig var rætt um samstarf fyrirtækja á sviði grænnar tækni. Að loknum fundi var boðið til skoðunarferðar um verksmiðju Carbon Recycling International þar sem framleitt er eldsneyti á bifreiðar.

### Samstarf við stjórnvöld og atvinnulíf

Græna orkan (Eco-Energy) er heiti á klasasamstarfi um orkuskipti sem miðar að því að auka hlut vishæfra innlendra

orkugjafa í samgöngum. CTI tekur þátt í starfinu og kom meðal annars að gerð nýrrar löggjafar um endurnýtanlegt eldsneyti. Þá stóðu CTI og Græna orkan að fundi með Orkustofnun þar sem fjallað var um vottanir og aðrar kröfur á fyrirtæki í nýrri löggjöf.

CTI tók virkan þátt í starfi Hátækni- og sprotavettvangs og eiga þar fulltrúa. CTI tók þátt í stöðu- og stefnufundi tækni- og hugverkagreina þar sem farið var yfir stöðu mála og framtíðaráherslur slíkra hópa innan SI. Á fundinum voru valin áhersluverkefni til að setja í forgang. Tilgangurinn var að ræða hvernig hægt sé að ná meiri árangri í framkvæmd og ná meiri athygli stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila.

SI og fulltrúar CTI taka þátt ýmsu innlendu og erlendu samstarfi, t.d. klasasamstarfi um jarðvarmaklasa og norrænu verkefni um græna tækni.



Á aðalfundi Samtaka gagnavera 15. nóvember tók Eyjólfur M. Kristinsson, framkvæmdastjóri rekstrarlausna hjá Advania, við formennsku af samstarfsmanni sínum Kolbeini Einarssyni. Aðrir stjórnarmenn eru Isaac Kato hjá Verne Holdings ehf. og Gunnar Zoëga hjá Nýherja.

Gagnaver eru ný en ört vaxandi starfsemi innan tæknigeirans hér á landi. Eftir margra ára viðleitni til að koma þessari starfsemi á fót hefur íslenskum fyrirtækjum loks tekist að laða að erlenda viðskiptavini á borð við BMW og Opera. Þau hafa staðsett netþjóna sína hér á landi og kaupa þjónustu frá íslenskum gagnaverum. Aldrei hefur gengið betur að afla nýrra viðskiptavina íslenskra gagnavera og árið 2013 og horfurnar fyrir 2014 eru ekki síðri.

Samtök íslenskra gagnavera, DCI og forveri samtakanna, ICEDC, voru stofnuð til að tryggja íslenskum gagnaverum málsvara varðandi starfsskilyrði, önnur hagsmunamál og stefnumótun sem hafa áhrif á samkeppnishæfni, vöxt og árangur greinarinnar.

Innan þeirra vébanda eru fyrirtækin Advania, Nýherji, Verne Global og Greencloud. Samtökin náðu umtalsverðum árangri í umbótum skattamála árin 2010 og 2013 þegar gerðar voru lykilmeytingar sem stuðluðu að uppbyggingu innviða starfsgreinarinnar.

DCI leitast nú við að leysa fleiri skattamál sem tryggja munu að íslensk gagnaver geti keppt við evrópska keppinauta sína. Sem stendur eru íslenskar skattareglur óskýrar og skerða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í sumum tilvikum.

Mikilvægasta úrlausnarefnið er óvissan um hvenær fastrar starfsstöðvar er krafist. DCI telur stjórnvöld geta leyst þann vanda án þess að breyta skattareglum og hefur átt í viðræðum við þau þar að lútandi.



**Icelandic  
Game  
Industry**

Ný stjórn var kosin á aðalfundi Samtaka leikjaframleiðenda í september. Stefanía Halldórsdóttir frá CCP var kosin formaður og tekur við af Jónasi B. Antonssyni frá Gogogic. Meðstjórnendur eru Ólafur Andri Ragnarsson, Betware, Anna Katrín Ólafsdóttir, CCP, Viggó Ingimar Jónasson, Fancy Pants Global og Ýmir Örn Finnbogason, Plain Vanilla. Varamenn eru Stefán Álfsson, Alterego Studios og Burkni J. Óskarsson, Lumenox. Aðildarfyrirtæki IGI eru átta. Við stofnun félagsins árið 2009 var heildarvelta fyrirtækjanna um 6,7 milljarðar en um 8,8 milljarðar árið 2011.

### Helstu áherslumál

IGI er í forsvari leikjafyrirtækja og leggur áherslu á þau mál sem eru brýn á hverjum tíma. Innan Samtaka iðnaðarins er ýmislegt unnið í samvinnu við hugverkaiðnaðinn svo sem málefni sem tengjast samkeppnisumhverfi, skattafslætti, þekkingu og nýsköpunarumhverfi. Þau mál, sem IGI hefur á sinni könnu og tengjast leikjaiðnaðnum sérstaklega, eru:

- Að vekja áhuga fjárfesta á þessum ört vaxandi iðnaði
- Að komið verði á skattafslætti vegna fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum
- Að styðja við markaðssókn núverandi fyrirtækja
- Að stuðla að laga- og reglugerðarbreytingum til að auðvelda ráðningu erlendra sérfræðinga

IGI leggur áherslu á stuðning stjórnvalda á Norðurlöndum gegnum Norrænu ráðherranefndina og er því virkur félagi í NGI (Nordic Game Institute) en þau voru stofnuð hér á landi 2012.

IGI leggur áherslu á að kynna nýjum sprotafyrirtækjum samtökin og fá þau til samstarfs til að efla slagkraft samtakanna, styðja við grasrótina og vekja áhuga ungmenna hér á landi á að afla sér menntunar í greininni í samstarfi við skólasamfélagið.

### Verkefni IGI á árinu

Game Creator er keppni um besta tölvuleikinn sem allir geta tekið þátt í nema starfsmenn fyrirtækja innan IGI. Keppnin er haldin í þriðja sinn í samstarfi við HR.

The Future is Bright er ráðstefna leikjaiðnaðarins. Hún var haldin í október en það er í þriðja sinn sem IGI heldur ráðstefnu undir þessu nafni. Að þessu sinni er lögð áhersla á samstarf leikjaiðnaðarins á Norðurlöndunum undir titlinum „The Booming Nordics.“

Meetup eru mánaðarlegir viðburðir tengdir greininni og grasrótinni þar sem fjallað er um eitt áhugavert málefni.



**Félag  
ráðgjafar-  
verkfræðinga**

Á aðalfundi Félags ráðgjafarverkfræðinga 15. maí var kosin ný stjórn. Tryggvi Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Mannviti var kosin formaður en hann tók við af Júlíusi Karlssyni sem gaf ekki kost á sér. Þá var endurkjörinn Magnús Kristbergsson, VJI verkfræðistofu. Nýir í stjórn voru kjörnir Arinbjörn Friðriksson, Eflu, Bjarni Gunnarsson, Hit og Guðjón Jónsson, VSÓ Ráðgjöf. Aðildarfyrirtækin eru 21 og 109 viðurkenndir ráðgjafar starfa hjá fyrirtækjunum.

Starfsárið var nokkuð annasamt hjá stjórn FRV. Haldið var áfram með stefnumótun fyrir félagið en hún var síðast unnin fyrir um 12 árum. Stjórnin réð verktaka til að aðstoða sig við stefnumörkunina og gekk sú vinna vel. Niðurstaða stefnumótunar var að núverandi skipan félagsins þótti ekki mæta kröfum aðildarfélaganna og ákveðið var að leita samninga um aðild að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Samningur milli FRV, SI og SA var undirritaður þann 12. mars.

Stjórn FRV hélt 12 bókaða fundi frá síðasta aðalfundi

félagsins að telja auk þess sem fundað var með öðrum hagsmunaaðilum og fulltrúum hins opinbera.

#### Útboð

Eitt af umkvörtunarefnum félagsins hefur verið að sumir kaupendur þjónustu ráðgjafa, skv. rammasamningi Ríkiskaupa, krefjast einhliða lækkunar taxta ráðgjafanna. Að öðrum kosti verði ekki af kaupum á þjónustunni. Slík framganga er ekki heimil skv. lögum um opinber innkaup og í andstöðu við rammasamninginn. Jafnframt hefur félagið lagt áherslu gagnsæi á í innkaupaferlinu, hið opinbera veiti reglulega upplýsingar um innkaup skv. samningnum. Fulltrúar FRV ræddu þessi atriði við fulltrúa Ríkiskaupa á fundi í apríl auk þess að ræða aðkomu félagsins að undirbúningi útboðs vegna nýs rammsamnings. Framkvæmdastjóri FRV ræddi hliðstæð atriði við fulltrúa Reykjavíkurborgar á fundi í apríl.

#### Markaðsmál

FRV tók áfram þátt í útgáfu ritsins Sector Review (Branschöversikten) sem systurfélag FRV í Svíþjóð, STD, hefur gefið út til fjölda ára. Í ritinu er að finna sér kafla um íslenska ráðgjafarmarkaðinn og stærstu íslensku verkfræði- og arkitektastofurnar.

Á haustmánuðum birtist grein eftir formann FRV í Fréttablaðinu. Greinin fjallaði um það vanmat á gildi tæknimenntunar sem þá nýframlagt fjárlagafrumvarp endurspegladi. Félagið sendi jafnframt fjármálaráðherra bréf þar sem fjallað var um sama efni og skorað á hann að beita sér fyrir breytingum.

#### Samstarf við FSSA

Frá árinu 2001 hefur verið í gildi samningur milli FRV og Félags sjálfstætt starfandi arkitekta (FSSA) um takmörkuð afnot þess síðarnefnda af húsnæði FRV auk þess sem framkvæmdastjóri FRV sinnir ákveðnum verkefnum fyrir félagið. Félögin hafa einnig átt gott samstarf og samvinnu við hagsmunagæslu gagnvart opinberum aðilum.

#### Fulltrúaráðsfundir

Fimm fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem fjallað var um kjarasamninga og aðild að SI.

#### Aðrir fundir

Í apríl 2013 funduðu fulltrúar FRV með fulltrúum Ríkiskaupa um reynslu af innkaupum á þjónustu ráðgjafa í gegnum gildandi rammasamning ríkisins og fleiri. Jafnframt var fjallað um væntanlegt nýtt rammasamningsútboð.

Framkvæmdastjóri FRV sat, ásamt fulltrúum FSSA, fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar vegna rammsamnings borgarinnar í maí 2013.

#### Kjarasamningar

FRV er aðili að tveimur kjarasamningum, KTVÍ og KTFÍ og Félag tækniteknara. Nýir kjarasamningar voru gerðir í lok árs 2012 og gilda út árið.

#### EFCA

Ákveðið var að segja félagið úr EFCA sem eru samtök hagsmunafélaga verkfræðiráðgjafa í Evrópu. Ætla má að aðild að samtökunum verði endurmetin á komandi árum miðað við kostnað og ávinning af störfum þeirra.

#### RINORD

Hinn árlegi fundur félaga ráðgjafarverkfræðinga á Norðurlöndum var haldinn í Kaupmannahöfn í júní 2012. Fundinn sátu af hálfu FRV Júlíus Karlsson og Magnús Baldursson.

#### Afkomukönnun

Könnun á afkomu aðildarfirmatækjanna var gerð líkt og undanfarin ár. Þar er leitað eftir upplýsingum um hverjir kaupa þjónustu verkfræðistofana.



#### Þáttaskil í líftækniöðnaði

Aðalfundur Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja (SÍL) var haldinn 3. desember. Stjórn samtakanna er óbreytt; Ágústa Guðmundsdóttir, Zymetech, formaður, Ása Brynjólfssdóttir, Bláa lónið heilsuvörur, meðstjórnandi og Hörður Kristinsson, Matís, meðstjórnandi.

SÍL er er vettvangur þar sem unnið er að hagsmuna- og stefnumálum líftæknifyrirtækja og eflingu líftækniöðnaðar hér á landi. Níu fyrirtæki eru skráð í samtökin sem voru stofnuð 2004 og eru að ljúka níunda starfsári sínu.

#### Helstu verkefni

##### Áherslur í líftækni

Fulltrúar frá SÍL, ásamt hópi fyrirtækja og hagsmunaaðila á sviði líftækni, sátu fundi vinnuhóps á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis síðla árs 2012 í tengslum við gerð atvinnustefnu. Þar komu fram skýrar og góðar tillögur um

hvað þurfi til að stuðla að framgangi greinarinnar. Stjórn SÍL þótti full ástæða til að vinna áfram með tillögurnar og valin voru atriði sem snúa að greininni í heild, rætt var við fleiri hagsmunaaðila og viðbætur gerðar. Ákveðið var að gefa út bækling með helstu áherslumálum. Áherslusviðin eru þrjú; stuðningur við vöxt fyrirtækja, samstarf við stjórnvöld og áhersla á menntun og nýsköpun.

#### Málstofa um líftækni

Í október héldu SÍL málstofu um líftækni. Fimmán fyrirtæki kynntu starfsemi sína. Ljóst er að fyrirtæki í líftækni-iðnaði hafa vaxið hratt á undanförunum árum og hafið markaðssetningu á fjölbreyttum vörum erlendis. Segja má að þáttaskil séu að verða í líftækni-iðnaði nú þegar nokkur fjöldi fyrirtækja hefur þróað tilbúna vörulínur sem seldar eru víða um heim. Forsendur til vaxtar eru því góðar en huga þarf vel að stuðningsumhverfi greinarinnar. Fram kom á fundinum að nauðsynlegt sé að efla þekkingu á síðari stigum nýsköpunar, sérstaklega varðandi markaðssetningu. Annars sé hætta á að missa áratuga þekkingu úr landi og að fyrirtækin fari úr landi. Líftæknigeirinn er ört vaxandi atvinnugrein sem krefst háts menntunarstigs og felur í sér stórt hlutfall afleiddra starfa. Samhliða þessu eru möguleikar á verðmætasköpun miklir. Nú þegar greinin horfir fram á vaxtaskeið blasir við skortur á rannsóknarfé og fjárfestingu hér á landi. Aðkoma lífeyrissjóðanna að nýsköpun ætti að vera mun meiri. Þessi fyrirtæki munu taka stökkið. Það er bara spurning hvort þau geri það héðan eða erlendis frá.

#### Ný reglugerð og umsagnir um þingmál

Út kom ný reglugerð um snyrtivörur og SÍL leitaði eftir því við Umhverfisstofnun að hún yrði kynnt og orðið var við því. Kynningarfundur var haldinn hjá Umhverfisstofnun.

Þingsályktunartillaga um bann við útiræktun á erfðabreyttum lífverum kom til umsagnar í febrúar og SÍL sendi umsögn og lagðist gegn tillögunni. Í árslok kom til umsagnar frumvarp um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Samtökin telja að almennt sé lagasetningin til bóta en gerðar voru nokkrar athugasemdir við atriði sem betur mættu fara.

#### Samstarfsvettvangar

Stjórn SÍL á fulltrúa í stjórn hátækni- og sprotavettvangs. Haldinn var stefnumótunarfundur starfsgreinahópa hjá SI á sviði hugverka- og tæknigreina í október. Hóparnir kynntu áherslur sínar og skerpt var á stefnumálum næsta árs. Samstarf SÍL við AVS rannsóknarsjóð hefur haldið áfram. Verkefnastjórn líftækniþóps AVS er í höndum Bryndísar Skúladóttur sem einnig starfar með SÍL.

## Samningar undirritaðir við SI og SA



Í mars voru undirritaðir samningar um aðild Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI, Björgólfur Jóhannsson, formaður SA og Júlíus Karlsson, formaður FRV, skrifuðu undir samningana sem taka gildi 1. apríl.

Samtökin fagna þessum góða liðsauka en með breytingunni er lagður grunnur að enn sterkari samtökum sem gæta hagsmuna íslensks iðnaðar. Fyrirtækin í FRV hafa snertiflöt við öll svið íslensks atvinnulífs og með aðild að SI eykst enn frekar slagkraftur samtakanna í þágu allra félagsmanna.



Í júní voru undirritaðir samningar um aðild Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK, að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI, Margrét Kristmannsdóttir, varaformaður SA og Hilmar Sigurðsson, formaður SÍK, skrifuðu undir samningana.

Í aðildinni felst m.a. að daglegri starfsemi SÍK verður sinnt á skrifstofu SI, auk þess sem samtökin taka að sér samningsmál og samskipti við opinbera aðila svo að nokkuð sé nefnt.

Miklar væntingar eru gerðar til samstarfsins enda er kvikmyndaiðnaðurinn einn af öflugum vaxtarsprotum íslensks atvinnulífs.

# Hátækni- og sprotavettvangur

**H**átækni- og sprotavettvangur (HSV) var stofnsettur í lok árs 2008. Vettvangurinn miðar að því að efla uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi. Að vettvangnum standa Samtök iðnaðarins, Samtök sprotafyrirtækja, líftæknifyrirtækja, upplýsingafyrirtækja, leikjaframleiðenda og fyrirtækja í grænni tækni ásamt iðnaðar-, mennta-, fjármála-, forsætis-, velferðar og utanríkisráðuneyti.

Tilgangur vettvangsins er að vinna á markvissan hátt að því að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi hátækni- og sprotafyrirtækja. HSV hefur reynt gagnlegur sem formlegur vettvangur milli þekkingariðnaðarins í landinu og stjórnvalda. Mörg brýn mál eru rædd yfir borðið, lausnir ræddar og verkefni eru sett í farveg. Verkefnisstjóri er Haukur Alfreðsson.

Innan HSV hefur verið lögð áhersla á að fylgja eftir áhersluverkefnum úr stefnumótun tækni- og hugverkagreina sem fram fór í maí 2011. Mótun var framtíðarsýn til ársins 2016.

## Framtíðarsýn = árangur + forsendur

### Árangur

- *Tækni- og hugverkaiðnaður grunnstoð í íslensku atvinnulífi*
- *Aðlaðandi Ísland – miðstöð tækni- og hugverkaiðnaðar*
- *Jákvæður viðskiptajöfnuður á grunni aukins útflutnings*

### Forsendur árangurs

- *Nægt framboð á hæfu starfsfólki – „gott fólk gulli betra“*
- *Fyrirmyndar starfsumhverfi og stoðkerfi*
- *Markvisst markaðsstarf - Inspired by Icelandic Innovation*
- *Fjármögnunarumhverfi í fremstu röð*

### Áhersluverkefni

1. *Samstarfsvettvangur tækni- og hugverkagreina, samstarf við stjórnvöld og þingflokka – eitt atvinnuvegaráðuneyti*
2. *Bætt hagtolugerð tækni- og hugverkagreina*
3. *Tækniþróunarsjóður eflur í 4 milljarða – styrkir til markaðsstarfs erlendis – efling Brúarstyrkja*
4. *Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám*
5. *„Inspired by Icelandic Innovation“ – markaðsstarf erlendis og vitundarvakning um áhrif ímyndar fyrir útflutning*

6. *Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – t.d. hvatar t.d. í skattkerfinu*
7. *Skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa nýsköpunarfyrirtækjum eða sjóðum – Skipulögð miðlun/markaður hlutabréfa minni fyrirtækja*
8. *Hluti fjárlagaliða heilbrigðis- og velferðarmála, menntamála, orku- og umhverfismála og niðurgreiðslna veitt í samkeppnisjóði og klasasamstarf um „betri þjónusta fyrir minna fé“*
9. *Höfuðstöðvar útflutningsfyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum gjaldeyrishafta á útflutning frá Íslandi*

Hafin er vinna við öll áhersluverkefni, en helmingur þeirra krefst lagabreytinga til að koma þeim í framkvæmd. Unnið hefur verið ötullega að kynningu verkefna hjá stjórnvöldum og með aðstoð starfsgreinahópa innan SI og stuðningsaðila.

### Helstu verkefni

Fulltrúar Samtaka iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangs (HSV) funduðu í september með fjármála- og efnahagsráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Tilgangur fundarins var að kynna HSV sem öflugan samstarfsvettvang, framtíðarsýn tækni- og hugverkagreina, verkefni tengd framtíðarsýninni, stöðu greinarinnar, farsæla uppbyggingu og tækifæri tækni- og hugverkafyrirtækja.

HSV vinnur með stjórnvöldum í ýmsum verkefnum sem tengjast tækni- og hugverkagreinum og atvinnulífinu almennt. Verkefni tengjast eftirfylgni með klasaverkefnum, samskipti við starfsgreinar SI, upplýsingaöflun, þátttaka í viðburðum sem tengjast nýsköpun, erlendu samstarfi, t.d. á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um heilsutækni og upplýsingamiðlun og verkefnum sem tengjast samstarfi við EES og Evrópusambandið.

Ýmis önnur mál hafa verið til umræðu s.s. uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja í tengslum við European SME-week, þátttaka í árlegum atburði í tengslum við SME-week, Eurostars, European Innovation Scorebord auk þess sem fulltrúar HSV hafa tekið þátt í nýju stefnumótunarstarfi í atvinnumálum á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

# Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sem voru næstir því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar sem starfsgreinahópar og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA tilnefna.

## Fulltrúar kosnir á Iðnþingi 2013:

Halldór Einarsson, Henson ehf.  
Jón Gunnar Jónsson, Actavis ehf.

## Endurvinnsluiðnaður:

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.  
Sveinn Hannesson, Gámaþjónustan hf.

## Gagnaver:

Kolbeinn Einarsson, Advania

## Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan hf.

## Heilbrigðisiðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.  
Hafrún Friðriksdóttir, Actavis hf.  
Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

## Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Bergsteinn Einarsson, Set hf.  
Eyjólfur Eyjólfsson, Axis húsgögn ehf.  
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

## Kvikmyndaiðnaður:

Hilmar Sigurðsson, GunHil

## Leikjaiðnaður:

Jónas B. Antonsson, Gogogic

## Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.  
Ármann Sigurðsson, Sveinbjörn Sigurðsson ehf.  
Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.  
Gylfi Gíslason, JÁVERK ehf.  
Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak hf.  
Ágúst Pétursson, Meistarafélag iðnaðarm. í Hafnarfirði  
Stefán Jónsson, Meistaraf. bygg.manna á N-landi.  
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara  
Bjarni Þór Gústafsson, Málameistarafélag Reykjavíkur

## Matvæla-, fódur- og drykkjarvöruíðnaður:

Þórir Haraldsson, Lífland-Mjólkurfélag Reykjavíkur  
Einar Sigurðsson, Mjólkursamsalan  
Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.  
Sigurður Jóhannesson, SAH Afurðir ehf.  
Sveinn Margeirsson, Matís ohf.

## Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.  
Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.  
Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.

## Prent- og pappírsiðnaður:

Baldur Þorgeirsson, Kvos  
Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.  
Sölvi Sveinbjörnsson, Umslag ehf.  
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.  
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

## Stóriðja:

Ragnar Guðmundsson, Norðurál ehf.  
Rannveig Rist, Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.

## Sprotafyrirtæki:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.  
Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Oddi

## Upplýsingatækniíðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.  
Jón Ingi Björnsson, Trackwell Software hf.  
Gestur G. Gestson, Advania

## Þjónustuiðnaður:

Lárus Karl Ingason, Ljósmynd ehf.



# Nýir félagsmenn

Í lok árs voru félagsmenn SI 1.294. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 20 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Skrauma ehf.  
 Brum Funding ehf.  
 Ikan ehf.  
 HUG – Verktakar ehf.  
 Fluor Ísland ehf.  
 Kvikmyndaskóli Íslands  
 Íslensk heilsuhagfræði ehf.  
 Theo Enterprise ehf.  
 Marinox ehf.  
 Eimverk ehf.  
 Pendo ehf.  
 Lóðarþjónustan ehf.  
 Uppskipun ehf.  
 Stálvík ehf.  
 Krafla ehf.  
 Jarðaval sf.  
 Tvö K ehf.  
 Zenus ehf.  
 MyTime Plan ehf.  
 GPO ehf.

## **SART**

Kristján Grétar Jónsson  
 Jón Steinar Eyjólfsson  
 Rafrún ehf  
 HP Raf ehf  
 Línhúsið ehf  
 Gunnar Ingi Jónsson  
 Rafkul ehf.  
 Kæli- og frystipjónusta Heimis  
 Rafteymi ehf

## **Félag ráðgjafarverkfræðinga**

Ágúst Þór Jónsson  
 Conís ehf  
 Efla hf.  
 Ferill ehf., verkfræðistofa  
 Fluor Ísland ehf.  
 Hannarr ehf.  
 Hnit verkfræðistofa hf.  
 Lagnatækni ehf.  
 Mannvit hf.  
 Rainrace ehf.  
 Teiknistofa Páls Zóphóníass ehf.  
 TÓV verkfræðistofa ehf.

Verkfræðistofa Jóhanns Indr ehf.  
 Verkfræðistofa Stanleys P ehf.  
 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.  
 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf.  
 Verkfræðistofan Víðsjá ehf.  
 Verkís hf.  
 VSB-verkfræðistofa ehf.  
 VSÓ Ráðgjöf ehf.  
 Önn ehf., verkfræðistofa

## **Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum**

Atafl ehf.  
 Arey ehf.  
 Hjalti Guðmundsson ehf.  
 TSA ehf.  
 Sparri ehf.  
 Ásgeir Kjartansson  
 Húsagerðirn hf.  
 Víkurás ehf.  
 Fagtré ehf.  
 Bragi Guðmundsson ehf.  
 Carl B. Gränz  
 Einar Hannesson  
 OSN ehf.  
 GIG fasteignir ehf.  
 Lyfta ehf.  
 Trésmíði Guðjóns Guðmundssonar ehf.  
 Hagtré ehf.  
 Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf.  
 Ýrlagnir ehf.  
 Hannes Einarsson  
 Heimir Sigursveinsson  
 H.H. Smíði ehf.  
 Háþípan ehf.  
 Rörvirki sf.  
 Málningarþjónustan J-R-J ehf.  
 Rörlagningamaðurinn ehf.  
 Rörvirki sf.  
 Grindin ehf.  
 Vatnsafl - Pípulagnir ehf.  
 Skúmur ehf.  
 Neslagnir slf.  
 Sigurjón Guðleifsson  
 TSA ehf.

Trésmíðja Sölva ehf.  
 Húsabygging ehf.  
 Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf.

## **Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði**

H.H. smíði ehf.  
 Þúsund þjalir ehf.  
 BF Rætur ehf.  
 SG Bygg ehf.  
 Böðvar Kristófersson  
 Gunnar Bergsveinsson  
 Ólafur Vilhjálmsson

## **Málarameistarafélag Reykjavík**

Hilmar M. Sigurðsson  
 Edward Morthens

## **Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi**

Ljósgjafinn ehf.  
 Sigurgeir Svavarsson ehf.

Félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á [www.si.is](http://www.si.is)

# Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok



**Kristrún  
Heimisdóttir**  
Framkvæmdastjóri



**Jón Bjarni  
Gunnarsson**  
Aðstoðarfram-  
kvæmdastjóri



**Árni Jóhannsson**  
Forstöðumaður  
mannvirkja,- málm-  
og véltækni sviðs



**Ásbjörn  
Jóhannesson**  
Forstöðumaður  
rafiðnaðarsviðs



**Bjarni Már  
Gylfason**  
Hagfræðingur



**Bryndís  
Skúladóttir**  
Forstöðumaður  
umhverfismála



**Dagmar E.  
Sigurðardóttir**  
Viðurkenndur bókarí



**Davíð Lúðvíksson**  
Forstöðumaður  
stefnumótunar og  
nýsköpunar



**Ferdinand  
Hansen**  
Verkefnastjóri  
gæðamála



**Friðrik Á.  
Ólafsson**  
Forstöðumaður  
byggingasviðs



**Katrín Dóra  
Þorsteinsdóttir**  
Forstöðumaður  
hugverkaiðnaðar  
og mannaúts



**María  
Hallbjörnsdóttir**  
Gjaldkeri



**Ragnheiður  
Héðinsdóttir**  
Forstöðumaður  
matvælasviðs



**Rakel  
Pálsdóttir**  
Forstöðumaður  
almannatengsla



**Sigurður B.  
Halldórsson**  
Lögfræðingur



**Þóra  
Ólafsdóttir**  
Umbrot

Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími 591 0100 • mottaka@si.is • www.si.is

Ábyrgðarmaður: Kristrún Heimisdóttir

Ritstjórn: Rakel Pálsdóttir

Ljósmyndir: Odd Stefán

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.